



Vill fá staðfestingu á uppruna sínum

Innlent 2

Íslenskur karlmaður, sem var rangfeðraður í æsku, hefur höfðað dómsmál til að fá réttan uppruna sinn staðfestan.



Jöklum fækkar hratt á Íslandi

Innlent 4

Fjórir smájökklar munu að líkindum hverfa innan 10 ára og Snæfellsjökull að óbreyttu innan 30 ára.



Ætti Ísland að taka þátt í Belti og braut?

Fréttaskýring 6

Íslensk stjórnvöld eiga eftir að taka afstöðu til þátttöku í umdeildu kínversku innviða- og fjárfestingaverkefni.



Hvað á að gera um verslunarmannahelgina?

Menning 30

Nokkrir hressir Íslendingar segja frá fyrirætlunum sínum um stærstu ferðamannahelgi ársins.

MANNAÍT

Fréttir / Hönnun / Lífsstíll



Víðtalið / Hulda Björk Svansdóttir

Versta martröð hvers foreldris

Hulda Björk Svansdóttir hefur í þrjú ár barist fyrir því að sonur hennar, Ægir Þór, fái meðferð við Duchenne-vöðvarýrnun en alls staðar komið að lokuðum dyrum í heilbrigðiskerfinu. Engin meðferð er í boði fyrir Ægi hér á landi og eina úrræðið að sækja hjálp út fyrir landsteinana, sem þýðir brottflutning fjölskyldunnar af landinu.



BIRTINGUR EHF

Útgáfufélag - Síðumúla 28, 108 Reykjavík
s: 515 5500

Útgefandi og ábyrgðarmaður:

Halldór Kristmannsson

Framkvæmdastjóri:

Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir

Markaðsfulltrúar: Bjarni Þór Jónsson,
Garðar Ingi Leifsson og Ásgeir Aron Ásgeirsson

Umbrot og hönnun: Ivan Burkni

Útgáfustjóri Mannlífs: Roald Viðar Eyvindsson

Aðstoðarútgáfustjóri Mannlífs:

Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Umsjónarmenn:

Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir,

Steingerður Steinarsdóttir

Kjarninn: Þórður Snær Júlíusson

Forsíða Mannlífs: Hallur Karlsson


Auglýsingar: auglysingar@birtingur.is

Prentun: Landsprent

Dreifing: Póstdreifing



Hádegismóum 2, 110 Reykjavík | sími 569 1100
landsprent.is



Roald Viðar Eyvindsson
Útgáfustjóri



Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
Aðstoðarútgáfustjóri



Magnús Geir Eyjólfsson
Fréttastjóri



Guðný Hrónn Antonsdóttir
Vefstjóri Mannlífs



Egill Páll Egilsson
Bláðamaður



Friðrika Benónýsdóttir
Bláðamaður



Hanna Ingibjörg
Arnarsdóttir



Hákon Davíð Björnsson
Yfirjósmyndari



Steingerður
Steinarsdóttir

BLÁÐAMENN

Bergþóra Jónsdóttir, María Erla Kjartansdóttir,
Folda Guðlaugsdóttir, Guðrún Óla Jónsdóttir,
Stefanía Albertsdóttir, Sigrún Guðjohnsen,
Steinar Fjeldsted

LJÓSMYNDARAR

Hallur Karlsson, Unnur Magna

PRÓFÖRK

Guðný Þórarinsdóttir, Guðrður Haraldsdóttir,
Ragnheiður Linnét

LUMAR ÞÚ Á FRÉTT?
Sendu ábendingu á
ritstjorn@mannelif.is.



Innlent

DÓMSMÁL

Vil bara fá staðfestingu á uppruna mínum

„Það eiga allir rétt á að vita hver þeirra uppruni er,“ segir Páll Andrés Lárusson, 51 árs gamall flugvirki, sem höfðað hefur dómssmál gegn manningnum sem hann telur vera föður sinn. Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í júní að manningnum bæri að láta af hendi lífssýni svo unnt verði að staðreyna faðernið. Það vill hann hins vegar ekki gera og hefur hann áfrýjað málinu til Landsréttar.

Fyrir um áratug síðan komst Páll að því að maðurinn sem hann er kenndur við, Lárus, var ekki líffræðilegur faðir hans, þótt hann hafði lengi grunað að svo væri. Ekkert samband var þeirra á milli og segir Páll að honum hafi þótt undarlegt að Lárus hafi aldrei gert sér far um að hafa samband við hann. Kominn langt á fertugsaldurinn ákvað Páll að eyða öllum efasemdum, setti sig í samband við Lárus og bað hann um að gefa lífssýni fyrir DNA-próf sem hann borgaði úr eigin vasa. „Þetta kostaði umtalsverðan pening og umstang því það þurfti að senda sýnin til Svíþjóðar. En það kemur í ljós að það eru 99,9 prósent líkur á að Lárus er ekki faðir minn. Ég gekk þá á mömmu, sem ég átti alla tíð í góðu sambandi við þangað til hún lést fyrir þremur árum, hún brotnaði niður og viðurkenndi að hún hafi haft samneyti við tvo menn í þeim mánuði sem ég var getinn.“

Áfrýjar til Landsréttar

Páll leitaði til lögmanns og var fyrsta skrefið í að höfða véfengingarmál gegn Lárusi til að staðfesta það að hann væri ekki faðir hans. Gekk það auðveldlega í gegn og var næsta skref að fá þann sem Páll telur að sé faðir sinn til að gefa lífssýni. Það reyndist ekki jafnauðsött því sá maður harðneitaði að verða við því. Átti Páll ekki annan kost í stöðunni en að höfða dómssmál til að fá það í gegn. Í dómi Héraðsdóms segir að málið verði ekki til lykta leitt án þess að fram fari mannförðfræðilegar rannsóknir og því beri manningnum að undirgangast slíka rannsókn. „Hann rengir þá niðurstöðu og áfrýjar til Landsréttar. Mér skilst að það sé fordæmalaust að menn áfrýji svona málum. Ef hann telur að hann sé ekki faðir minn þá væri langauðveldast að fara í DNA-próf og sanna það.“

Líka réttur barnanna

Páll segist hafa gert tilraunir til að hafa samband við manningnum, án árangurs. Maðurinn vilji ekkert með hann hafa og í þau skipti sem hann hafi hringt hafi maðurinn skellt á hann. Hins vegar hafi Páll komist í samband við dóttur umrædds manns og er sambandið þar á milli með ágætum. „Það eina sem vakir fyrir mér í þessu máli er að fá staðfestingu á uppruna mínum. Ég á sjálfur tvö börn og ég gæti aldrei komið svona fram við þau og það er líka þeirra réttur að vita hvaðan þau koma. Svo finnst mér líka nauðsynlegt að vita ef það eru einhverjir ættgengir sjúkdómar í fjölskyldunni,“ segir Páll.

Páll Andrés Lárusson.



KRÓNAN



Ódýrt og gott í ferðalagiði

Morgun
matur
á 1 mín.

FP safnmat, 250g

150 kr.



Ódýrt ífragsætur

110 kr.



FP matarngl, 250g

99 kr.

FP náttúrulegur, 500g

199 kr.

Bland
í pola

5 stk.
á 220 kr.



Gættu lífgar

219 kr.



FP mat 3 x 200 ml

199 kr.



Algræðistudínar á www.kronan.is
Ódýrt er einn af þessum gættu lífgar matarngl.



Metin falla í hrönnum



Texti / Magnús Geir Eyjólfsson

Fjöldmörg met tengd veðri hafa fallið í sumar, einkum á Suðvesturhorninu. **Trausti Jónsson** veðurfræðingur greinir frá því á veðurbloggi sínu að allt stefni í að júlímánuður verði sá hlýjasti sem vitað er um í Reykjavík. Einnig verði mánuðurinn sá hlýjasti á öldinni við Faxaflóa.

Vorið var einnig óvenjulega hlýtt, raunar það næsthljásta frá upphafi mælinga. Hljást var það árið 1974. Í Stykkishólmi var úrkomulaust í 37 daga, frá 21. maí til 26. júní, og er það lengsti þurrkur sem mælst hefur þar frá upphafi mælinga.

Það eru ekki bara hita- og sólskinsmet að falla því í vikunni gekk yfir mesta þrumuveður frá því mælingar hófust. Á tæpum sólarhring laust niður 1.800 eldingum á landi og landgrunni, flestar suður og suðaustur af landinu.

Hamfarahlýnun á Norðurslóðum



Það er ekki bara á Íslandi sem jöklar og ísbráðna í hitanum því á Norðurslóðum stefnir í metbráðnun nú þegar leifarnar af hitabylgjunni í Evrópu ganga yfir Grænland og Norðurheimskautið. Washington Post fjallaði um málið og segir að veðurfar í ár hafi verið með þeim hætti að búast megi við gríðarlegri bráðnun á öllu svæðinu næstu daga. „Það lítur út fyrir að stórvíðburður sé að eiga sér stað á Norðurheimskautinu,“ segir Zack Labe, vísindamaður við Kaliforníuháskóla.

„Það lítur út fyrir að stórvíðburður sé að eiga sér stað á Norðurheimskautinu.“

Aðstæður á Norðurslóðum minna vísindamenn um margt á árið 2012 þegar íshellan á Norðurheimskautinu bráðnaði óvenjulega hratt og mældist í lok þess sumars í sögulegu

lágmarki. Það sama gerðist á Grænlandsjökli og var talað um hamfarahlýnun í því samhengi. Hvort nýtt og óæskilegt met verði slegið í ár kemur í ljós í september en gervihnattamyndir gefa vísbendingar um að svo verði.

En það er ekki bara bráðnun íss sem veldur áhyggjum því aldrei áður hafa kviknað jafnmargir gróðureldar á Norðurslóðum og hafa yfir 100 slíkir verið skrásettir undanfarna tvo mánuði. Júnímánuður var sá hlýjasti sem mælst hefur í Alaska og hafa yfir 800 þúsund hektarar lands orðið eldi að bráð. Á afskekktum svæðum Síberíu hefur gróðurelda einnig orðið vart.

Gósentíð í veðri flytjir bráðnun jökla

Tíðarfarir í ár flytjir enn fyrir bráðnun jökla. Fjórir smájökla munu að líkindum hverfa innan 10 ára og Snæfellsjökull að óbreyttu innan 30 ára.

Hopun jökla

Samfara hlýnandi loftslagi á þessari öld hefur orðið gríðarleg breyting á íslenskum jöklum. Hefur flatarmál jökla á Ísland minnkað á síðastliðnum 130 árum úr því að vera 12 prósent í 10 prósent af flatarmáli landsins. Um aldamótin var heildarflatarmál jökla 11.082 ferkílómetrar en árið 2012 var það komið niður í 10.600.

Hlýndaskeið eins og við höfum upplifað undanfarið ýtir enn frekar undir þessa þróun. „Það gerir það vissulega. Við sjáum það vel á jökulánum, þær eru að verða mjög miklar. Venjulega eru þær vatnsmestar síðla sumars, þá er vetrarsnjórinn að mestu horfinn, snjórinn er dökkur og tekur þar af leiðandi í sig meiri geislun. En þessi hiti flytjir öllu þessu ferli,“ segir Oddur Sigurðsson, sérfræðingur á sviði jöklarannsókna á Veðurstofu Íslands. Hann býst við að jöklar landsins muni rýrna verulega í ár. „Breytileiki jökla er fyrst og fremst háður sumarhita og úrkomu. Þetta var tiltölulega rýr vetur, úrkoma var ekki mikil og jöklarnir bættu ekki miklu við sig. Þannig að jöklarnir munu rýrna verulega í ár, það er ekkert vafamál.“

Smájöklum fækkar hratt

Því hefur verið spáð með gildum rökum að jöklar Íslands verði í stórum dráttum horfnir eftir tvær aldir haldi fram sem horfir um hlýnun lofthjúps jarðar. Nú þegar eru jöklarnir farnir að týna tölunni (sjá umfjöllun um Okjökul hér til hliðar) og því er spáð að Snæfellsjökull verði horfinn fyrir árið 2050. Smájöklarnir týna óðum tölunni. „Þetta eru



Því hefur verið spáð með gildum rökum að jöklar Íslands verði í stórum dráttum horfnir eftir tvær aldir haldi fram sem horfir um hlýnun lofthjúps jarðar.



„Samfara hlýnandi loftslagi á þessari öld hefur orðið gríðarleg breyting á íslenskum jöklum.“

fyrst og fremst jöklar sem eru tiltölulega lágir og flatir. Til dæmis Hofsjökull eystri sem er hér um bil að gefa upp öndina. Torfajökull er mjög tæpur orðinn og Kaldaklofsjökull og Þrándarjökull. Ég efast um að Hofsjökull og Kalda-klofsjökull nái 10 árum,“ segir Oddur sem kortlagði íslenska jökla um alda-

mótin og svo aftur 2017. Margir þessara jökla eru horfnir. „Það eru 50 til 60 jöklar sem lifðu ekki af fyrstu tvo áratugi þessarar aldar. Þetta eru allt smájökla. Nema Ok, hann hvarf mjög hratt.“

Snæfellsjökull óðum að hverfa

Um síðastliðna páska var vetrar-afkoma í Snæfellsjökli mæld í fyrsta sinn. Kom fram í færslu á Veðurstofu Íslands að jökullinn hafi rýrnað mjög í hlýnandi loftslagi síðustu áratuga og er flatarmál hans nú minna en 10 ferkílómetrar, en var um 22 ferkílómetrar árið 2010. Jökullinn er að jafnaði aðeins um 30 metra þykkur og því líklegt að hann verði að mestu horfinn um miðja þessa öld. Sú spá er gerð út frá þeim forsendum að hitastigið hækki um 2 gráður á þessari öld en sjálfur telur Oddur að hlýnunin verði hraðari og að jökullinn hverfi jafnvel fyrir.

Oddur Sigurðsson, sérfræðingur á sviði jöklarannsókna á Veðurstofu Íslands.

Gríðarlegur áhugi á hvarfi Okjökuls

„Ok er fyrsti nafnkunni jökullinn til að missa titil sinn. Á næstu 200 árum er talið að allir jöklar landsins fari sömu leið. Þetta minnismerki er til vitnis um að við vitum hvað er að gerast og hvað þarf að gera. Aðeins þú veist hvort við gerðum eitthvað.“ Þetta eru skilaboðin á minnisvarða sem settur verður upp þar sem jökullinn Ok var áður, en árið 2014 var greint frá því að Ok teldist ekki lengur til jökla þar eð hann uppfyllti ekki lengur skilyrði þess. Hópur bandarískra vísindamanna mun koma minnisvarðanum fyrir í leiðangri þann 18. ágúst.

„Þetta minnismerki er til vitnis um að við vitum hvað er að gerast og hvað þarf að gera.“

Leiðangurinn og afdrif Oks hafa vakið athygli fjölmiðla víða um heim og hefur verið fjallað um málið í mörgum af helstu fjölmiðlum heims. Segist Oddur Sigurðsson, jöklafræðingur á Veðurstofu

Íslands, hafa fengið vel á annan tug fyrirspurna frá erlendum fjölmiðlum undanfarna daga, meðal annars frá Washington Post, Der Spiegel og franska ríkissjónvarpinu. Er búist við að fjölmargir erlendir fjölmiðlar fylgi bandarísku vísindmönnum í leiðangurinn.

Okjökull var fyrir rúmri öld 15 ferkílómetra, meira en 50 m þykkur, kúptur jökull. Núna er ísinn aðeins um 15 m þykkur og flatarmálið langt innan við 1 ferkílómetri.




JÖKLAR UM ALLAN HEIM AÐ HVERFA

Bráðnun jökla er ekki einvörðungu bundin við Ísland. Jöklar um allan heim eru að bráðna og það hratt. Eitt slíkt dæmi er jöklaþjóðgarðurinn í Montanaríki í Bandaríkjunum. Þegar William Taft, þáverandi forseti Bandaríkjanna, opnaði þjóðgarðinn árið 1910 voru jöklarnir um 150 talsins. Í dag eru þeir færri en 30 og

gangi spár um hlýnun jarðar eftir verða flestir jöklarnir horfnir eftir 30 ár. Dæmin eru fleiri. Snjóalög á Kilimanjaro hafa minnkað um 80 prósent frá upphafi 20. aldar. Jöklar í Himalaya og á Indlandi bráðna svo hratt að vísindamenn áætla að þeir verði svo gott sem horfnir fyrir árið 2035. „Frá norðurheimskautinu til Perú, frá Sviss til Man Jaya í Indónesíu, risastórar ísbreiður og jöklar eru að hverfa, á

ógnarhraða,“ segir í nýlegri umfjöllun National Geographic. Áhrifin eru gríðarleg. Á Vísindavef Háskóla Íslands segir að ef allir jöklar, þar með talinn Grænlandsjökull og Suðurheimskautsjökullinn, bráðna megi reikna með að yfirborð sjávar hækki um tæpa 69 metra. Á norðurheimskautinu flytur allur ís á sjó og hefur það því engin áhrif á yfirborð sjávar þótt sá ís bráðni. Sérfræðingar áætla að miðað við 1,5 gráðu hækku hitastigs muni sjávar-

mál hækka um 26 til 77 sentímetra fram til ársins 2100. Hækkun sjávarmáls stefnir því milljónum íbúa í hættu. Heilu eyjarnar, til að mynda í Kyrrahafi, eru í hættu á að sökkva í sæ og borgir eins og Jakarta, Lagos, Houston, Bangkok og London munu þurfa að eyða gríðarlegum fjárhæðum í flóðavarnir. Áhrifin á líffnæðarhætti mannkyns eru einnig gríðarleg. Til að mynda reiða milljónum íbúa sig á ferskvatn frá jöklum í fjallgöðum Asíu.



ÚTILEGA um helgina



Tjald

Þriggja manna tjald.
Stærð: L:200 x B:140 x H:100-1000 mm.

6.795

8801595J

Fyrir 3



Tilboðsmerki

Tilboðsverð

Tilboðsþingill
Stærð: 40 x 40 cm. Hæð: 10 cm. Húsnátt. Húsnátt. Húsnátt. Húsnátt.

44.995

8801595J

Tilboðsmerki



25%



Tilboðsmerki

Tilboðsverð

Tilboðsþingill
Stærð: 40 x 40 cm. Húsnátt. Húsnátt. Húsnátt. Húsnátt.

33.746

8801595J

Tilboðsmerki



25%

Hældu þig nýtt!

30 cu

Borðvifta

22 cm. 22 cm.

4.995

8801595J



40%

Tilboðsmerki

Þingill
Stærð: 40 x 40 cm. Húsnátt. Húsnátt. Húsnátt. Húsnátt.

11.997

8801595J

Tilboðsmerki



Tilboðsmerki

Þingill
Stærð: 40 x 40 cm. Húsnátt. Húsnátt. Húsnátt. Húsnátt.

4.995

8801595J

Tilboðsmerki

30%

Tilboðsmerki

Tilboðsverð

Þingill
Stærð: 40 x 40 cm. Húsnátt. Húsnátt. Húsnátt. Húsnátt.

6.496

8801595J

Tilboðsmerki



35%



Framlanggasnira

2 m. 2 m.

4.995

8801595J

25%



Þingill
Stærð: 40 x 40 cm. Húsnátt. Húsnátt. Húsnátt. Húsnátt.

Stærð: 40 x 40 cm. Húsnátt. Húsnátt. Húsnátt. Húsnátt.

1.995

8801595J

Aetti Ísland að taka þátt í Belti og braut?

Þátttaka í kínverska innviða- og fjárfestingaverkefninu Belti og braut stendur öllum ríkjum til boða.

Ákveði Íslensk stjórnvöld að taka þátt í verkefninu gæti það aukið aðgengi að innviðafjárfestingu og skapað ýmis viðskiptatækifæri fyrir landið. Verkefnið er þó afar umdeilt vegna ásakana um að kínversk stjórnvöld nýti sér verkefnið í herstjórnarlegum tilgangi og varpi þátttökuríkjum þess í skuldagildru.

”

„Viðskiptamagn á milli Kína og landa sem eru hluti af Belti og braut er meira en sex billjón Bandaríkjadala og fjárfestingar meira en 80 milljarðar Bandaríkjadala.“

– Jin Zhijian

Innviða- og fjárfestingaverkefnið Belti og braut (kínv, e. Belt and Road Initiative) er verkefni sem einkennt hefur utanríkisstefnu Kína frá árinu 2013 undir stjórn forseta landsins, Xi Jinping. Með Belti og braut er vísað til hinnar fornu Silkileiðar sem tengdi Kína við umheiminn og vill Xi Jinping endurvekja hana undir formerkjum Beltis og brautar. Belti og braut – eða Silkileið 21. aldarinnar – skiptist í stuttu máli í svokallaðan silkiveg eða „belti“ á landi, til dæmis í formi lestarteina og hraðbrauta. Hinn hlutinn er silkileið á sjó eða „braut“ – til dæmis í formi hafna sem þar að auki tengir Kína við umheiminn.

Verkefnið er afar víðfeðmt og nær frá Kína til Evrópu og Austur-Afríku, auk þess sem það nær til fjölmargra Asíuríkja. Að minnsta kosti 68 ríki hafa skrifað undir þátttöku í verkefninu og saman mynda ríkin um 40 prósent af landsframleiðslu heimsins.

Hnattvæðing hornsteinn verkefnisins

Yfirlýst markmið verkefnisins eru að auka samskipti um stefnumótun milli ríkja, auðvelda viðskipti og verslun, styrkja vegasamgöngur, auka gjaldeyrisviðskipti og styrkja samskipti þjóða. Því má segja að aukin hnattvæðing og samþætting sé hornsteinn verkefnisins.

Til að mynda er bygging lestarteina frá Sjanghæ, í gegnum Kasakstan og Rússland sem munu að lokum enda í London, framkvæmd undir formerkjum Beltis og brautar. Lestarteinarnir verða 12.000 kílómetra langir.

Svo virðist sem allt sem viðkemur innviðum eða fjárfestingum tengt Kína falli nú undir formerki Beltis og brautar. Ekki eru það einungis hafnir, járnbrautir og lestir, heldur einnig netkerfi. Því gæti verið erfitt að greina á milli þess sem áður hefur verið byggt upp eða komið á fót en sé nú sagt vera undir formerkjum Beltis og brautar og svo þess sem var ákveðið frá upphafi að væri hluti af verkefninu.

Jin Zhijian, sendiherra Kína á Íslandi, segir í skriflegu svari við fyrirspurn Kjarnans að Íslensk stjórnvöld séu opin fyrir þátttöku í Belti og braut. Íslensk stjórnvöld hafa þó ekki mótað sér endanlega afstöðu til verkefnisins, að því er fram kemur í svari utanríkisráðuneytisins við fyrirspurn Kjarnans. Í svarinu segir að ráðuneytið hafi haft málið til skoðunar í því augnamiði að greina hvað í framtakinu felist og hvað aðild eða tenging við það gæti þýtt fyrir íslenska hagsmunum.

Umdeilt framtak

Margir hafa þó gagnrýnt verkefnið og telja sumir að kínversk stjórnvöld vilji nota það til þess að auka stjórnmalaleg áhrif sín í heiminum. Bandaríkin eru eflaust það ríki sem er opinberlega hvað mest mótfallið verkefninu. Bæði varaforseti Bandaríkjanna, Mike Pence, og utanríkisráðherra, Mike Pompeo, hafa gagnrýnt framtakið og sagt það varpa ríkjum í skuldagildru. Gagnrýnendur vísa einnig oft til aðstæðna Srí Lanka í því samhengi.

Í suðurhluta Srí Lanka hafa kínversk fyrirtæki einkaleigurétt til 99 ára á höfn sem kölluð er Hambantota-höfnin. Það er vegna þess að stjórnvöld í Srí Lanka gátu ekki greitt skuld sína við kínversku fyrirtækin sem byggðu höfnina.

Bandaríkjamenn hafa jafnframt gagnrýnt skilmála sem ýmsar þjóðir hafa gengist við þar sem kínversk ríkisfyrirtæki standi að byggingunni eða lán undir formerkjum Beltis og brautar með það að skilyrði að kaupa vörur frá kínverskum fyrirtækjum.

Lykilbandamenn Bandaríkjanna, til að mynda Ísrael, Suður-Kórea og Filippseyjar, eru meðal þátttökuríkja Beltis og brautar og virðast Bandaríkin nú vera komin í samkeppni við Belti og braut. Bandaríkin komu nýlega á lögum um alþjóðlegar þróunarþátttökur – sem kallast á ensku The BUILD Act – sem minnir að mörgu leyti á hið kínverska verkefni.

Fleiri lönd hikandi við að taka þátt

Emmanuel Macron, forseti Frakklands, hefur einnig gagnrýnt verkefnið. Hann hefur lagt áherslu á að Belti og braut eigi ekki að vera „einstefnuvegur“ – það er að Kína geti einungis fjárfest í öðrum ríkjum – heldur ættu þátttökuríki einnig að geta fjárfest í Kína. Stjórnvöld þar í landi ættu ekki að notfæra sér Belti og braut til þess að ná yfirráðum yfir öðrum löndum og gera þátttökuríki undirgefni því.

Á ráðstefnu um Belti og braut árið 2017 neituðu Bretland, Frakkland og Þýskaland að skrifa undir þátttöku í verkefninu vegna þess að þau töldu ekki nógu skýrt hvernig útboðum á framkvæmdum í tengslum við Belti og braut yrði háttáð.

Kínversk stjórnvöld hafa ávallt neitað fyrir að Belti og braut sé leið þeirra til að ná yfirráðum yfir öðrum ríkjum. Þau leggja áherslu á að Belti og braut sé verkefni þar sem allir græði, auk þess séu áskanir um að verkefnið sé skuldagildra óhróður sem kínversk stjórnvöld vísi á bug.

Hvað græða þátttökuríki á Belti og braut?

Þátttaka í verkefninu er sem stendur öllum ríkjum opin. Mörg þátttökuríki fagna verkefninu vegna aukinna kínverskra fjárfestinga þar sem mörg hver þeirra hafi þörf á að byggja upp innviði sína, til dæmis hafnir, lestarteina, hraðbrautir eða flugvelli.

Enn fremur gæti þátttaka aukið hraða viðskipta á milli þátttökuríkjanna við Kína og önnur lönd og þar með verið löndum til bóta. Talsmenn verkefnisins segja að það geti gert ríkjum kleift að þróa hagkerfi sín og jafnvel dregið úr fátækt.

Varðandi hvað þátttaka myndi þýða fyrir Ísland og hvaða breytingar það hefði í för með sér segir Jin Zhijian, sendiherra Kína á Íslandi, í svari við fyrirspurn Kjarnans, að Belti og braut geti þjónað sem nýr vettvangur og veitt kínversk-Íslenskri samvinnu ný tækifæri. Þátttaka Íslands myndi styrkja tengsl á milli landanna. Með stuðningi Beltis og brautar, AIB og Silkivegssjóðsins gætu Kína og Ísland unnið betur saman með því að byggja tengslanet á sjó, lofti og á Netinu, auk þess að byggja innviði fyrir ferðamenn, koma á siglingaleiðum um Silkiveg norðurslóða, beinu flugi og 5G-samskiptakerfi.

Jin Zhijian, sendiherra Kína á Íslandi, segir að Íslensk stjórnvöld séu opin fyrir þátttöku í Belti og braut.



KEA
SKYR

ÞEJÁR LEIPIR TIL AÐ Njóta



ÞETTA GAMLA GÓÐA



KÖLVEITNASKERT



ÁVEXTIR Í BOTNINUM





kjarninn

FRÉTTASKÝRING

„Ég vona og trúi að íslensk stjórnvöld ákveði að taka þátt í Belti og braut í náinni framtíð. Mig langar ekki að sjá Ísland missa af stórum tækifærum sem Belti og braut skapar.“ – Jin Zhijian



Sendiherrann segir að þátttaka Íslands gæti aukið samvinnu í viðskipta- lífi og verslun á milli landanna tveggja. Það sé vegna þess að hagvöxtur í Kína er stór hluti heimshagkerfisins og þurfi kínverski markaðurinn nú að mæta aukinni eftirspurn á vörum, þar á meðal á vörum frá Íslandi.

„Með batnandi lífskjörum kjósa fleiri og fleiri Kínverjar að ferðast utan landsteinanna. Ísland hefur fengið aukinn fjölda kínverskra ferðamanna árlega sem hefur aukið þjónustuviðskipti á Íslandi. Á sama tíma gæti Belti og braut stutt við fríverslunarsamning landanna okkar tveggja sem myndi efla vöxt tvíhliða viðskipta á vörum og þjónustu og samvinnu í netverslun og auka tvíhliða fjárfestingar,“ segir sendiherrann.

Hvað græðir Kína á Belti og braut?

Kínversk stjórnvöld eru undir formerkjum Beltis og brautar að fjárfesta í innviðum annarra ríkja til þess að vinna að markmiðum verkefnisins og auðvelda allan inn- og útflutning. Með aukinni innviðabyggingu í bæði nær- og fjærríkjum Kína mun flutningsgeta aukast og þar með gætu viðskipti Kína við önnur ríki aukist. Ýmsir fræðimenn hafa bent á að kínversk stjórnvöld vilji gera Kína tæknivæddara og auka þróun ýmissa héraða ríkisins. Einkaneytlu þurfi einnig að auka til að halda uppi hagvexti ríkisins og verkefnið muni enn fremur styrkja gjaldmiðil ríkisins. Aðrir telja að verkefnið sé að mestu strategískt, til að mynda í Indlandshafi. Stærra net hafna í hafnu tryggja Kína aðgengi að sjóleiðum sem sé bráðnauðsynlegt fyrir ríki eins og Kína sem byggir sinn efnahag á útflutningi.

Sex billjón Bandaríkjadala

Með Belti og braut er lögð áhersla á sameiginlegan ávinning Kína og þeirra ríkja sem taka þátt í Belti og braut, að því er kemur fram í svari Jin Zhijian, sendiherra Kína á Íslandi. „Belti og braut einblínir á samhæfða stefnu, innviðatengsl, óhindruð viðskipti, fjárhagslega samþættingu og sterkari tengsl fólks. Verkefnið leitast eftir opinni, grænni og hreinni þróun,“ segir Jin.

Sendiherrann segir að verkefnið hafi fengið mikinn meðbyr og stuðning alþjóðasamfélagsins. „Í dag hefur Kína skrifað undir samstarfssamninga á grundvelli Beltis og brautar við 127 ríki og 29 alþjóðlegar stofnanir. Viðskiptamagn á milli Kína og landa sem eru hluti af Belti og braut er meira en sex billjón Bandaríkjadala og fjárfestingar meira en 80 milljarðar Bandaríkjadala.“

Rafrænn Silkevægur möguleiki

„Kína og Ísland geta einnig eft samvinnu sína í framleiðslu á snjall- tækni, rafrænum efnahag og verndun hugverkaréttinda, kannað nýja tækni, ný form og leiðir til viðskipta, ásamt því að styrkja samvinnu

með stór gagnasett, skýjatækni og uppbyggingu snjallra borga,“ segir Jin.

Ísland gæti fengið aukið aðgengi að fleiri mörkuðum með þátttöku í Belti og braut, samkvæmt sendiherr- anum. „Að því leyti getur háþrúð tækni Íslands í jarðvarma komist á stærri vettvang þegar hún er sam- einuð fjármagni og markaði landa í Belti og braut,“ segir hann.

Hver áhrif þátttaka Íslands í verkefninu yrðu á stjórnmalalegt samband ríkjanna tveggja telur Jin að þátttaka Íslands í Belti og braut myndi vissulega vera tvíhliða samskiptum Kína og Íslands hagstæð. Ríkin gætu þannig dýpkað samvinnu sína með aðstoð Beltis og brautar. Varðandi hverjar afleiðingarnar yrðu fyrir Ísland ef það kysir að taka ekki þátt í Belti og braut segir Jin: „Ég vona og trúi að íslensk stjórnvöld ákveði að taka þátt í Belti og braut í náinni framtíð. Mig langar ekki að sjá Ísland missa af stórum tækifærum sem Belti og braut skapar.“

Fjárfesting í innviðum setið á hakanum

Heiðar Guðjónsson, formaður Efnahagsráðs norður- skautsins og forstjóri Vodafone og Stöðvar 2, segir í samtali við Kjarnann ýmsa kosti vera fyrir Ísland við þátttöku í Belti og braut, meðal annars aðgangur að gríðarlegu fjármagni til að byggja upp innviði. Þá séu kostirnir sérstaklega miklir fyrir skipafélög, verktaka og flugfélög sem felist í flutningatengdum innviðum og gagna- og vöruflutningum.

„Innviðir á Íslandi eru takmarkaðir og miðað við hvað landið er ríkt hefur fjárfesting í innviðum setið á hakanum,“ segir Heiðar. „Ísland var í fyrndinni þjónustumiðstöð fyrir verslun á norðurslóðum. Hafnir á Íslandi eru íslausar árið um kring og er Ísland eina norðurslóðalandið með slíkar hafnir,“ segir hann. „Íslendingar ættu jafnframt að nýta þau tækifæri sem hljóta með auknum flutningum á norðurslóðum og ætti landið að vera þjónustu- miðstöð í Atlantshafi.“

Heiðar segir mikilvægt að þátttaka í Belti og braut sé á forsendum heimamanna, þannig að lögsagan sé skýr. „Að Kínverjar séu að öðlast yfirráð í löndum sem þeir fjárfesta í er fjarstæðukennt,“ segir hann.

Evrópa og Belti og braut

■ Alls hafa 17 Evrópulönd skrifað undir viljayfir- lýsingu um þátttöku í Belti og braut. Áður var talað um 16+1 löndin í því samhengi, það er að segja þau 16 Mið- og Austur-Evrópuríki sem taka þátt, auk Kína (+1). Nú væri þó réttara að tala um 17+1 þar sem nýlega bættist Ítalía í hópin.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sett fram sína eigin áætlun til þess að bæta samgöngur og innviði í Asíu ásamt því að vera nú komin með erlenda fjárfestingaráætlun í Afríku. Því virðist Evrópusambandið, líkt og Bandaríkin, vera orðið að eins konar keppinaut Kína í þessum málefnum.

Hin nýskipaða breska ríkisstjórn virðist jákvæð gagnvart Belti og braut. Boris Johnson, forsæt- isráðherra Bretlands, sagði nýju ríkisstjórn sína vera fylgjandi Kína. „Við erum afar hrifin af Belti og braut. Við höfum mikinn áhuga á hvað Xi forseti er að gera,“ sagði hann daginn sem hann hóf störf sín sem forsætisráðherra.

Einnig eru margir innan Evrópusambandsins já- kvæðir gagnvart verkefninu. Maroš Šefčovič, vara- forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sagði til að mynda að Evrópusambandið vildi vinna að samhljómi sambands- ins með Belti og braut.

Með eða á móti ekki eina leiðin

Heiðar bendir á að Ísland hafi ekki einungis þessa tvo kosti; að taka annaðhvort þátt eða ekki. Þriðji kosturinn sé að fara að fyrirmynd Finna, það er að skrifa ekki undir þátttöku, heldur gera sérsamninga við

Heiðar Guðjónsson, formaður efnahagsráðs norðurskautsins og forstjóri Vodafone og Stöðvar 2. Mynd / Kjartan Þorbjörnsson



Undirbúningstímabilið er að hefjast Mætir barnið þitt í toppformi í skólann í haust?

Það sem þjálfurinn færir:

- Aukið sjálstraust, stærkari sjálfmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að spyrja spurninga og taka þátt í umræðum
- Hæna hugmyndum sínum betur á framfæri og auka áhrif sín
- Hymnaet nýjrum krökkum, bæta samskipti og styrkja samband
- Bætra skipulag og skýrari markmið
- Jákvæðara viðhorf og minni kvíði


Námskeiðið hefst:

- 10 til 12 ára 7. ágúst 8.00 til 12.30 8 virka daga í röð
- 10 til 12 ára 23. sept. 17.00 til 20.00 8 skipti með viku milliþili
- 13 til 15 ára 7. ágúst 14.00 til 17.30 8 virka daga í röð
- 13 til 15 ára 14. sept. 17.00 til 20.30 8 skipti með viku milliþili
- 16 til 18 ára 7. ágúst 18.00 til 22.00 tvívefur í viku
- 16 til 18 ára 14. sept. 18.00 til 22.00 8 skipti með viku milliþili
- 20 til 25 ára 6. ágúst 18.00 til 22.00 tvívefur í viku
- 20 til 25 ára 17. sept. 18.00 til 22.00 8 skipti með viku milliþili

Skráning í kynningartíma fyrir börn og foreldra á dale.is/ungtfolk eða í síma 555 7080



Copyright © 2019 Dale Carnegie. All rights reserved. General_07082019



Varahlutir
í alla bíla



BÍLANAUST ER SÉRVERSLUN BÍLAÁHUGAFÓLKIS

Rekstrar-
vörur



Stærð- og
hæðunfallstærir af
bíla
149.900 kr.



Bátt og
hreinsivörur



Við höfum opnað 6 verslanir
auk þess sendum við vörur um allt land

Sími 905 9009

Skafaðu vörurvalið á www.bilanaust.is

BÍLANAUST
ÁSKILINGAR

STÓRSTÓR
VIRKIS
LÓGVAÐ

STÓRSTÓR
VIRKIS
LÓGVAÐ

STÓRSTÓR
VIRKIS
LÓGVAÐ

STÓRSTÓR
VIRKIS
LÓGVAÐ

STÓRSTÓR
VIRKIS
LÓGVAÐ

STÓRSTÓR
VIRKIS
LÓGVAÐ

www.bilanaust.is



kjarninn

FRÉTTASKÝRING



„Ameríkanar vilja alls ekki að við skrifum upp á svona samninga við Kína. Nú er kapphlaup hafid um uppbyggingu innviða á norðurslóðum.“

– Heiðar Guðjónsson

kínversk stjórnvöld um verkefni sem rúmast til hliðar við Belti og braut. Þannig gangi Finnar ekki beint inn í heildarverkefni Beltis og brautar heldur geri sérsamninga um sérstök verkefni.

Hann segir að Norðurlöndin hafi enn ekki gerst formlegir aðilar að Belti og braut, en að Finnland fái gríðarlega fjárfestingu í sína innviði. „Finnland er með verkefni að byggja neðansjávargöng frá Helsinki til Tallin að verðmæti 15 milljarða evra þar sem bæði Kínverjar og Evrópusambandið eru fyrirferðamikil innan þess verkefnis.

Annað verkefni er fjárfesting upp á 3 til 5 milljarða evra fyrir járnbraut frá Rovaniemi til Kirkenes. Þar eru bæði kínverskir aðilar og Evrópusambandið að fjárfesta,“ segir Heiðar. „Þessi fjárfesting, að búa til samgönguæð frá Kirkenes til Finnlands og tengja beint við Evrópu, skiptir Finna gríðarlega miklu máli. Það er dæmi um verkefni sem Kínverjar taka mikinn þátt í,“ segir hann.

Heiðar bendir á að Finnar leggi nú jafnframt sæstreng Norð-Austurleiðina, þar sem strengurinn fari norður fyrir Síberíu og niður til Japan og Kína. „Ef Kínverjar byggja innviði í Finnlandi þá hafa þeir ekki lögsögu þar. Þeir taka áhættu með því að fjárfesta í landinu. Þeir þurfa að haga sér í samræmi við lög og reglur í viðkomandi landi, annars er hættu á að innviðir séu þjóðnýttir.

Ameríkanar vilja alls ekki að við skrifum upp á svona samninga við Kína. Nú er kapphlaup hafid um uppbyggingu innviða á norðurslóðum,“ segir Heiðar. „Bandaríkin reyna að stilla mönnum upp, segja „við eða þeir.“ Bretar hafa hins vegar sótt sér tækifæri í því að semja bæði til austurs og vesturs,“ segir hann og bætir því við að hann telji að Íslendingar ættu ekki að skipa sér í ákveðið lið. Farsælast væri að eiga viðskipti til bæði austurs og vesturs.

Stækkun Beltis og brautar til norðurslóða



Norðurslóðir nú hluti af Belti og braut

Á norðurslóðum er búist við aukinni skipaumferð eftir því sem ís á svæðinu bráðnar. Að sigla frá Kína til Evrópu í gegnum þennan heimshluta myndi stytta flutningstíma til muna sé miðað við núverandi flutningaleiðir. Þar með getur getur fjárhagslegur hvati að flytja vörur um svæðið myndast. Í janúar 2018 gáfu kínversk stjórnvöld út sína fyrstu norðurslóðastefnu. Í henni segjast þau vilja gera norðurslóðir hluta af Silkiveginum á ís eða Silkivegi norðurslóða og þar með hluta af Belti og braut. Enn fremur titla kínversk stjórnvöld Kína sem „nærriki norðurslóða“ í stefnu sinni.

Hverjir eru valkostir Íslands?

Íslandi stendur til boða að taka þátt í Belti og braut. Í raun er því ekkert til fyrirstöðu og geta íslensk stjórnvöld ákveðið sína stefnu gagnvart verkefninu. Þátttaka gæti aukið fjárfestingar á Íslandi og auðveldað uppbyggingu innviða, einnig gæti þátttaka greitt leið fyrir viðskiptum við Kína og styrkt almenn samskipti við fjölmennasta ríki heims. Því er ljóst að efnahagslegur hagur gæti orðið af þátttöku

í verkefninu en hins vegar gæti þátttaka haft ýmsar ófyrirséðar stjórnmálalegar afleiðingar fyrir Ísland. Ákveði íslensk stjórnvöld að taka þátt í Belti og braut væri skynsamlegt að hafa öll ákvæði skýr hvað varðar fjárfestingar og framkvæmdir, til að mynda að kveða skýrt á um hvernig útboðum sé háttað. Jafnframt er mikilvægt að stíga varlega til jarðar og rýna ítarlega í hverjar afleiðingar þátttöku yrðu fyrir land og þjóð.

HÚS OG HÉBYLI

Gestgjafinn • VIKAN

Sumartilboð: 20% afsláttur af öllum áskriftum tímarita

30 heppnir áskrifendur dregnir út sem fá FRÍA rafræna áskrift í mánuð að eigin vali til viðbótar við núverandi áskrift.

birtingur.is • Áskriftarsími 5155500 Síminn er opinn frá 09:00 – 13:00 alla virka daga
Netfang askrift@birtingur.is



Loksumars verður svo einn heppinn áskrifandi sem fær Svaninn eftir Arne Jacobsen.





DEPECHE.

EKTA
LEÐUR



hjá
Craftshildi

Engjostíg 4, 101 Reykjavík, 101 Reykjavík



Viðtalið

HULDA BJÖRK SVANSDÓTTIR

„Baráttan he mér gangana

Hulda Björk Svansdóttir hefur í þrjú ár barist fyrir því að sonur hennar, Ægir Þór, fái meðferð við Duchenne-vöðvarýrnun en alls staðar er komið að lokuðum dyrum í heilbrigðiskerfinu.

Nú stendur Ægi mögulega til boða að taka þátt í tilraunameðferðum bæði í Bandaríkjunum og Svíþjóð og fjölskyldan stendur því frammi fyrir því að þurfa að flytjast af landi brott í nokkur ár. Hulda Björk segir óhugsandi að leggja árar í bát í baráttunni, það sem bíði Ægis ef hann fær enga hjálp sé versta martröð hvers foreldris.

Texti / Friðrika Benónýsdóttir
Myndir / Hallur Karlsson

efur haldið li“





Viðtalið

HULDA BJÖRK SVANSDÓTTIR



„Ég asnaðist til að fara að gúgla sjúkdóminn og endaði nánast í taugaáfalli eftir það. Það hefði ég sko ekki átt að gera áður en ég var búin að tala almennilega við lækinn.“

Þrátt fyrir sjúkdóminn er Ægir Þór lífsglaður og ótrúlega duglegur drengur.



Hulda Björk hefur síðustu þrjú árin verið óþreytandi við að berjast fyrir því að Ægir Þór fái aðstoð og þegar við spjöllum saman er hún nýkomin frá Bandaríkjunum þar sem hún hitti einn færasta taugasérfræðing heims í meðferð við Duchenne-vöðvarýrnun og segir hann hafa mælt með því að sækja um fyrir Ægi í genatilraunum.

„Við erum ekki með neitt fast í hendi enn þá en Ægir er á biðlista fyrir tvær genatilraunir,“ segir hún. „Það eru tveir möguleikar í stöðunni, klínísk tilraun sem hefst í Svíþjóð í október eða að treysta á það að hann verði valinn til að taka þátt í genatilraunum í Bandaríkjunum sem er alls óvíst að hann komist í. Þannig að þetta er svolítið flókin staða í augnablikinu.“

Meðferðin í Svíþjóð snýst um tilraunir með næstu kynslóð af lyfinu sem Hulda hefur árum saman barist fyrir að Ægir fengi, en beiðni hennar hefur verið hafnað í tvígang af íslenskum heilbrigðisyrfrvöldum eins og fjallað hefur verið um í fréttum.

„Það er rosalega erfitt að sleppa því tækifæri að hann geti hafið lyfjameðferð í Svíþjóð strax í haust, fyrir utan að það er auðveldara fyrir okkur að fara til Norðurlandanna heldur en til Bandaríkjanna, en lækirinn í Bandaríkjunum var mjög hrifinn af því hvað Ægir var duglegur og hvað hann stendur ótrúlega vel miðað við aðra stráka á þessum aldri með þennan sjúkdóm og hvatti okkur til að biða eftir genameðferð. Svo við stöndum eiginlega á krossgötum í augnablikinu og ég get ekki sagt þér á þessari stundu hvaða leið við munum velja.“

Einn af hverjum fjögur þúsund drengjum

Duchenne-vöðvarýrnun er yfirleitt arfgengur sjúkdómur en í tilfelli Ægis Þórs er sú ekki raunin, heldur er ástæðan stökkbreyting á fósturstigi.

„Móðirinn er yfirleitt arfberi,“ útskýrir Hulda, „en það er ekki þannig í Ægis tilfelli. Það er engin

saga um sjúkdóminn í okkar fjölskyldu og ég er ekki arfberi. Við höfðum aldrei heyrt um þennan sjúkdóm áður en hann greindist en okkur var sagt að þetta gæti gerst í hvaða fjölskyldu sem er þegar um stökkbreytingu er að ræða sem gerist í um það bil þrjátíu prósent tilvika.“

Spurð hversu algengur sjúkdómurinn sé og hvort fleiri íslenskir drengir séu með sjúkdóminn segir Hulda: „Duchenne er stundum kallaður algengasti sjaldgæfi sjúkdómurinn. Það er einn af hverjum þrjú til fjögur þúsund drengjum sem fæðist með þennan sjúkdóm. Ég held að hér á Íslandi séu tólf einstaklingar greindir með Duchenne, en það eru ekki mikil samskipti á milli þeirra sem hafa greinst á Íslandi þannig að ég þekki það ekki alveg nógu vel. Það eru til samtök sem heita Duchenne-vöðvarýrnun á Íslandi sem eru með Facebook-síðu en hún er lítið virk. Ég og önnur móðir sem á tvo drengi með Duchenne höfum verið að reyna að vekja athygli á sjúkdómnum með því að hlaupa í Reykjavíkurmaraþoninu og safna fé til rannsókna en það er enginn beinn stuðningur fyrir foreldra eða drengi með sjúkdóminn hérlendis. Ég held það sé sameiginleg reynsla íslenskra foreldra sem eiga börn með sjaldgæfa sjúkdóma að þeir standa voðalega einir í baráttunni. Þótt það sé sorglegt að segja það þá er upplifun mín sú að það er illa haldlið utan um þá sem eru með sjaldgæfa sjúkdóma hér á landi.“

Duchenne-vöðvarýrnun er banvænn vöðvarýrnunarsjúkdómur sem nánast eingöngu er bundinn við drengi. Sjúkdómurinn er framsækinn og smám saman rýrna flestir meginvöðvar líkamans. Gangur sjúkdómsins er misjafn en yfirleitt hætta drengirnir að geta gengið sjálfir 10 til 12 ára og fara þá í hjólastól. Með betri umönnun lifa Duchenne-drengir lengur í dag en áður var, en margir sem greinast með sjúkdóminn deyjá því miður fyrir aldur fram.

„Það virðist reyndar vera nokkuð breiður skali sem sjúklingarnir eru á og einkennin eru misalvarleg og mislengi að koma í ljós,“ útskýrir Hulda. „Ægir virðist vera nokkuð „heppinn“ enn þá miðað við þennan sjúkdóm, en það er enginn vafi á því hver þróunin verður. Þetta er mjög ágengur og óvæginn sjúkdómur.“

Þjóðhátíðardagurinn aldrei samur

Ægir Þór greindist með Duchenne-vöðvarýrnun árið 2016, fjögurra ára gamall, og Hulda segist hafa álitnið að hún ætti heilbriggt barn í þessi fjögur ár, en hana hafi þó verið farið að gruna mun fyrr að eitthvað væri að.

„Ég á tvíburum sem eru átján ára og þau voru miklu virkari á þessum aldri heldur en Ægir var,“ útskýrir hún. „Hann var alltaf voðalega rólegur en það var samt ekkert sem æpti á mann að eitthvað væri að. Þegar hann byrjaði fyrst að ganga datt hann á höfuðið og hætti að reyna að ganga þar til hann var 15 mánaða. Ég tók líka eftir því að hann þrilaði aldrei eða tók líkamlega áhættu og grét bara ef við reyndum að ganga eitthvað lengra. Þegar hann var orðinn rúmlega þriggja ára sá ég mikinn mun á honum og jafnöldrum hans þannig að ég fór með hann til sjúkrahjálfa sem sérhæfir sig í hreyfi- og þroskaþrófum fyrir börn. Hann talaði um að hann væri alveg tveimur árum á eftir jafnöldrum sínum í hreyfiþroska, en kveikti ekki á neinum sjúkdómi. Það var þó enn þá eitthvað að naga mig þannig að ég fór með hann til barnalæknis sem ég held að hafi strax grunað hvað væri að því hann sendi okkur áfram til taugalæknis sem greindi hann með Duchenne-vöðvarýrnun þann 17. júní 2016. Það er alveg óhætt að segja að þjóðhátíðardagurinn verður aldrei aftur eins í mínum huga og hann var áður.“

Þótt greiningin væri komin segist Hulda svo sem hafa verið litlu nær um það hvað biði þeirra enda hafi hún ekki vitað nokkurn skapaðan hlut um þennan sjúkdóm.

„Ég asnaðist til að fara að gúgla sjúkdóminn og endaði nánast í taugaáfalli eftir það,“ segir hún. „Það hefði ég sko ekki átt að gera áður en ég var búin að tala almennilega við lækinn. En horfurnar voru ekki bjartar eftir því sem ég las mér til.“

Fór í varnargírinn

Var fjölskyldan þá ekki í algjöru sjokki eftir greininguna? „Jú, ég get alveg viðurkennt það,“ segir Hulda. „Ég fór bara í einhvern varnargír og lokaði á þetta. Gat engan veginn tekið á þessu. Systir mín sem er sálfræðingur studdi mig mikið og fann til dæmis heimasíðu hjá Duchenne-samtökunum í Bandaríkjunum en það liðu margir mánuðir áður en ég treysti mér til að skoða hana. Ég var alls ekki tilbúin til að opna á þetta og var bara í afneitun, sem eru auðvitað varnarviðbrögð eftir svona alvarlegt sjokk. Ein móðir sem á tvo syni með sjúkdóminn frétti af mér og hafði samband við mig en ég gat ekki einu sinni talað við hana. Þetta var bara mjög erfitt til að byrja með. Við erum samt ótrúlega heppin að mörgu leyti. Hann fékk greininguna í júní og strax um haustið fengum við þessa von, að lyfið Eteplirsen hafi fengið samþykki í Bandaríkjunum og virtist geta hjálpað við að hægja á sjúkdómnum. Vonin um að Ægir gæti fengið það hélt mér síðan gangandi.“

Lyfið hefur enn ekki fengið samþykkt í Evrópu og þrautaganga Huldu við að reyna að fá undanþágu til að Ægir geti fengið lyfið hér á landi stóð í tæp þrjú ár. Eftir tvær hafnanir segir hún að sér hafi orðið ljóst að hún þyrfti að fara að leita að öðrum meðferðarúrræðum, það sé alla vega ekki í boði að gefast upp.

„Svörin sem lyfjanefndin gaf fannst mér ekki innihalda nein rök,“ segir hún. „Þau voru á þá leið að þótt lyfið hefði sýnt einhverja virkni hefði það ekki næga virkni til að réttlæta það að Ægir fengi undanþágu, eins að það væri ekki rannsakað nægilega. Ég varð bara reið, ég viðurkenni það. Við vorum að tala um líf barnsins míns og er þá einhver virkni ekki betri en engin? Við vildum bara fá tækifæri til að prófa lyfið því það var ekkert annað í boði og lagalega var ekkert því til fyrirstöðu að við gætum fengið lyfið hingað. Mér fannst þetta alveg klikkað og auðvitað grunaði mann að það spilaði inn í hvað lyfið var dýrt þó að okkur hefði verið tjáð að peningarnir skiptu ekki máli, þannig að, já, ég var mjög reið og sár.“

Talandi um kostnað, þurfa Hulda og fjölskylda sjálf að fjármagna ferðir til Bandaríkjanna og það sem þau hafa gert til að reyna að fá meðferð fyrir Ægi? „Já, það er ekkert gert fyrir okkur hér heima, því miður. Við borguðum alla ferðina og læknisheimsóknina sjálf,“ segir hún. „Það var ekkert í gegnum kerfið hér eða lækinn okkar, ég var sjálf búin að standa í því í tvö ár að koma okkur þarna inn. Upplifun mín er sú að lækarnir hér hafa bara ekki tíma, það vantar fjármagn til að ráða fleiri taugalækna svo þeir geti sinnt þessu eins og þarf, held ég. Vandamálið er að hér á Íslandi er þessi hópur með sjaldgæfa sjúkdóma svo fámennur. Við erum með yndislegan lækni sem reynir sitt besta en hendur hans virðast því miður vera bundnar. Ég finn eiginlega til með heilbrigðisstarfsfólki að þarf að vinna innan þessa kerfis þar sem allt stendur fast.“

Spurði hvort hann gæti dáíð úr Duchenne

Spurð hvort hún hafi rætt sjúkdóminn við Ægi sjálfan, hvort hann viti hver staðan er, segist Hulda auðvitað hafa sagt honum að hann sé með þennan sjúkdóm en hann sé enn of ungur til að hún vilji fara nánar í saumana á því hvað það þýði.

„Greiningastöðin hvatti okkur til að segja honum frá þessu á sínum tíma,“ segir hún. „Það var rosalega erfitt fyrir mig, mér fannst alveg hræðilegt að þurfa að segja honum þetta, leið eins og ég væri að taka frá honum æskuna. En auðvitað þyrfti að útskýra ýmislegt, til dæmis á leikskólanum til að börnin gætu skilið hvers vegna hann gat ekki hlaupið eins og þau. Hann veit að hann er með Duchenne, að vöðvar hans eru ekki eins sterkir og hinna krakkanna, en ekki mikið meira. Hann er samt farinn að spyrja erfðra spurninga, hvort hann geti dáíð úr Duchenne og svo framvegis. Hann grætur stundum yfir því að geta ekki gert það sama og félagar hans og vill fá að vita hvers vegna. Þau samtöl sem ég hef átt við hann um sjúkdóminn hafa verið mjög erfð fyrir mig. Ég



Lúcus Flauug

Handgjafur
Handgjafur
Handgjafur

LEYFÐU MÉR SMÁ LÚXUS

Taktu flugló og gæddu þér á nýjuðu viðbótinni í Lúcus-
ljóðakylunni, allkimjókri vanilluleftaug hjópaðri hvílu
eðlaúkkulaði. Við hreinslega fáum ekki nóg af þessari.





Viðtalið

HULDA BJÖRK
SVANSDÓTTIR

reyni bara að tala almennt um þetta við hann, það geta allir dáið og að allir deyi einhvern tímann, reyni ég að útskýra fyrir honum. Það verður auðvitað alltaf erfðara og erfðara eftir því sem hann verður eldri, en mér finnst alltaf of snemmt að útskýra afleiðingar sjúkdómsins fyrir honum, hann er ekki nema sjö ára og mér fyndist ég vera að taka svo mikið frá honum.“

Stuðningur samfélagsins dásamlegur

Oft berast réttir af því að fólk sem býr á landsbyggðinni með langveik börn þurfi að flytja til Reykjavíkur til að fá þjónustu, hefur ekki verið erfitt að vera búsett á Höfn í þessu ferli?

„Ó, nei, það hefur sko ekki verið erfitt,“ segir Hulda og ljómar öll. „Samfélagið og utanumhaldið hér hefur verið dásamlegt. Það er allt til fyrirmyndar. Ég get eiginlega ekki hugsað mér að flytja með hann héðan og vona að við getum búið hér sem lengst. Það er sama hvar borið er niður; leikskólinn, skólinn, fólkíð sem sér um þjónustu hjá sveitarfélaginu hefur allt verið til fyrirmyndar og ég get ekki hrósað því nógu mikið. Þar fyrir utan er þetta lítið samfélag þar sem allir þekkja Ægi og mér finnst mjög erfíð tilhugsun að þurfa að taka hann héðan ef við förum í klínískar tilraunir í Svíþjóð eða Bandaríkjunum í þrjú til fjögur ár. Hér er haldið utan um hann af öllum eins og allir eigi hlutdeild í honum. Í fyrra var haldinn hérna styrktardagur fyrir hann og söfnuðust tvær milljónir. Það var svo ótrúlega fallegur dagur og ég mun aldrei gleyma honum.“

Óttast að taka rangar ákvarðanir

Báðar meðferðirnar sem Ægi standa mögulega til boða eru tilraunamedferðir, er það ekkert ógnvekjandi tilhugsun að gera barnið sitt að tilraunadýri? „Jú, þú getur rétt ímyndað þér það,“ segir Hulda. „Það er mjög erfíð tilhugsun. Það er margt sem getur farið úrskaiðis og öllum tilraunum fylgir auðvitað áhætta. Gulrótin sem maður fær er að sjúklingurinn fær lyfið sér að kostnaðarlausu þangað til það kemur á markað, en þetta er rosalega erfíð ákvörðun. Hvað er rétt að velja fyrir hann? Maður óttast að taka rangar ákvarðanir og eyðileggja kannski fyrir honum aðra möguleika í framtíðinni, það er erfitt að ná utan um þetta allt saman. Genatilaunirnar eru enn á algjöru frumstigi, það eru svo mörg ef og margt sem ekki er vitað enn þá, sem er rosalega stór áhætta. En á sama tíma getur ávinningurinn líka verið mikill, hann gæti grætt tíu til fimmtán góð ár ef allt gengur vel. Og það eru mjög hraðar framfarir í rannsóknum á þessum sjúkdómi þannig að eftir tíu til fimmtán ár gætu verið komnar fram enn þróaðri genamedferðir. Móðureðlið í mér vill náttúrulega velja það sem er öruggast fyrir hann en hann gæti kannski grætt meira á genamedferðinni. Þannig að við stöndum frammi fyrir mjög erfðri ákvörðun þessa dagana.“

En þessar meðferðir sem þið þurfið að taka ákvörðun um eru eina vonin fyrir Ægi? „Því miður er það þannig,“ segir Hulda og andvarpar. „Það er engin meðferð fyrir hann hér á landi. Hér eru ekki gerðar neinar klínískar rannsóknir, engar forsendur fyrir þeim og eina lausnin sem foreldrar hafa er að flytja úr landi. Það er sorglegt að segja það en ef þú átt langveikt barn með sjaldgæfan sjúkdóm er lítið hægt að gera hér á Íslandi. Það eru allir af vilja gerðir og yndislegt fólk sem vinnur í heilbrigðisgeiranum en það getur ekkert gert fyrir mann. Von mín er að öll þessi barátta mín skili einhverju, að eitthvað breytist svo fólk þurfi ekki að taka þennan slag sem ég hef staðið í í þrjú ár.“

Heldur í vonina og jákvæðnina

Spurð hvort það sé ekki slítandi að standa í stanslausri baráttu við kerfið árum saman segir Hulda að auðvitað taki það á, en henni finnst hún ekki hafa aðra valkosti. Hún hafi reynt undanfarið að vinna í sjálfri sér og byggja sig upp.

„Ég tók þá ákvörðun í október í fyrra að fara í veikindaleyfi og setja þar með súrefnisgrímuna á sjálfa mig. Ég fann bara að það var tímabært, því ef ég hryndi niður, hver myndi þá berjast fyrir Ægi? Ég fór að fara í líkamsræktina aftur, stundaði hugleiðslu, fór að syngja og gera eitthvað í því að styrkja mig. Góð vinkona mín er markþjálfari og hefur gefið mér mörg góð ráð til að vinna í sjálfri mér og ég finn að mér líður miklu betur, sem hjálpar mér að vera enn öflugri í baráttunni fyrir Ægi. Það er svo algengt að foreldrar langveikra barna þrói með sér alls konar veikindi vegna álags og ég ætlaði ekki að lenda í því.“

Ætti ekki að þurfa að berjast

Hefur það aldrei legið nærri að Hulda gæfist upp á þessari baráttu? „Nei, maður heldur bara áfram,“ segir hún. „Ef einar dyr lokast reynir maður að opna aðrar. Auðvitað ætti maður að eiga þess kost að geta notið þess að vera meira með barninu sínu, ég ætti ekkert að þurfa að standa í þessari baráttu en það er bara enginn annar sem gerir þetta. Læknarnir hafa engan tíma til að beita sér í svona málum þótt þeir vildu, sem er virkilega sorglegt. Og það er leiðinlegt hvað þetta tekur mikinn tíma frá Ægi, ég er mjög glöð að geta komið þessum sjónarmiðum á framfæri og hef reynt að vekja athygli á stöðunni en það bitnar á tíma mínum með honum. Það vantar einhvern umboðsmann sjúklinga sem hefði það verkefni að berjast fyrir



„Læknirinn í Bandaríkjunum var mjög hrifinn af því hvað Ægir var duglegur og hvað hann stendur ótrúlega vel miðað við aðra stráka á þessum aldri með þennan sjúkdóm og hvatti okkur til að bíða eftir gena-meðferð.“

Hulda tók þá ákvörðun í október í fyrra að fara í veikindaleyfi og setja þar með súrefnisgrímuna á sjálfa sig. „Ég fann bara að það var tímabært, því ef ég hryndi niður, hver myndi þá berjast fyrir Ægi?“


réttindum þeirra. Núna hefur það algjöran forgang að koma Ægi í einhverja meðferð, það er númer eitt, tvö og þrjú en baráttan fyrir því að vekja athygli á stöðunni í þessum málum heldur líka áfram.“

Burtséð frá heilbrigðiskerfinu, finnst Huldu hún hafa mætt skilningi á baráttu sinni almennt í samfélaginu? „Já, við höfum fengið ótrúlegan stuðning og erum gríðarlega þakklát fyrir það,“ segir hún. „Mjög margt fólk hefur reynt að hjálpa okkur og gera allt sem það getur fyrir okkur. Ég veit stundum ekki hvernig ég á eiginlega að geta þakkað fyrir það allt saman. Það er ótrúlega fallegt fólk þarna úti sem er búið að gera svo mikið fyrir okkur og Ægi, bæði hér á landi og erlendis. Það er svo margt fallegt í sögunni hans Ægis og það gefur manni styrk til að halda áfram að berjast.“

En þið eruð sem sagt á þessum krossgötum núna og þurfið mjög fljótlega að ákveða næsta skref? „Já, nú þurfum við að leggjast yfir þetta,“ segir Hulda. „Það er svo mikið af flóknum læknisfræðilegum hugtökum sem notuð eru í sambandi við þessar rannsóknir að það er meiriháttar mál fyrir mann að skilja um hvað verið er að tala. Auðvitað þurfum við bara að hugsa um hvað hentar okkur best og hvað er best fyrir Ægi, það skiptir mestu máli.“

Ef Ægir kemst ekki í aðra hvora rannsóknina og fær enga meðferð, hvað bíður hans þá á næstu árum? „Ég vil ekki einu sinni hugsa um það,“ segir Hulda. „Ég reyni að fara ekki þangað. Þá náttúrulega hefur sjúkdómurinn bara sinn framgang. Það er mjög óhugnanlegt að hugsa um það sem annars mun bíða hans. Fyrir foreldra er það versta martröðin. Ég reyni að hugsa sem minnst um þetta, ég ætla bara að vera jákvæð og trúá því að það verði í lagi með Ægi, að hann fái þá meðferð sem hann þarf. Maður verður að halda í jákvæðnina og vera bjartsýnn, það skiptir mig mestu máli.“





Trésmiðjan Stígandi tekur að sér allt sem við þenur byggingum og mannvirkjagerði. Á tæknivæddu verkstaði smíðum við nánast hvað sem er, allt eftir þínum óskum. Við leggjum áherslu á vönduð vinnubrögð og persónulega þjónustu.



TRÉSMIÐJAN STÍGANDI

FAGMENN Í TRÉVERKI **SÍÐAN 1947**

TRÉSMIÐJAN STÍGANDI / SÍMI: 452 4123 / WWW.STIGANDIHF.IS



Á réttvísi eitthvað skylt við réttlæti?

Eftir / Steingerði Steinarsdóttur

Gyðja réttlætisins er blind og heldur á vogarskálum til marks um að hún sé hlutlaus. Allir vita samt að vogarskálarnar eru skakkar, á þær hefur verið hlaðið lóðum gildismats samfélagsins. Algert hlutleysi er ekki og verður aldrei til. Hvergi er þetta jafnaugljóst og í kynferðisbrotamálum. Lengi trúðu menn því að konur og börn kölluðu yfir sig ofbeldi með því að vera tælandi. Sumum finnst líka einstaklega rökrétt að konur móðgist eða iðrist að loknu kynlífi með karlmönnum og ljúgi þess vegna á þá ofbeldi bara til að réttlæta að hafa skroppið í rúmið með þeim. Þessar skoðanir væru út af fyrir sig meinlausar ef þær næðu ekki að lita réttarhugmyndir dómstóla og endurspeglast iðulega í dómum.



„... ef Jón hefði verið Jóna og Gunni nauðgað henni hefði sennilega ekki verið talið hægt, gegn fullyrðingu hans um hennar samþykki, að dæma hann.“

Setjum upp dæmi: Jón vinnur stóra upphæð í happdrætti og fer út á lífið til að halda upp á það. Þar hittir hann Gunna, algerlega ókunnugan mann, það fer vel á með þeim og þeir drekka saman. Jón býður svo Gunna heim en uppgötvar þegar hann fer að happdrættispeningarnir eru horfnir. Hann hringir á lögregluna og Gunni er strax handtekinn. Hann játar greiðlega að hafa tekið peningana en segir að Jón hafi gefið sér þá. Jón þverneitar að svo hafi verið og fær ýmsa til að bera vitni um að hann hafi þegar verið búinn að ákveða hvernig ætti að ráðstafa peningunum og að slíkt örlæti sé ákaflega ólíkt honum. Hver haldið þið að niðurstaðan verði fyrir rétti? Er líklegt að dómari dæmi Gunna peninga? Nei, það er ekki líklegt en ef Jón hefði verið Jóna og Gunni nauðgað henni hefði sennilega ekki verið talið hægt, gegn fullyrðingu hans um hennar samþykki, að dæma hann. Jafnvel þótt ýmsir bæru vitni um að hún hafi verið í miklu uppnámi þegar lögreglan kom, sýnt merki áfallastreitu eftir þetta og væri mjög ólíkleg til að samþykkja skyndikynni.

Ýmsir lærdir lögfræðingar hafa varið réttarríkið með þeim rökum að víst geti verið að Gunni hafi verið sekur en betra sé að ótal sekir menn sleppi en einn saklaus sitji í fangelsi. Jónu vanti sönnunargögn. En ef hlutverk dómstóla er að útteila réttlæti er augljóst að aðeins annar aðillinn nýtur sanngirni. Er ekki tími kominn til að báðir njóti vafans? Í síðasta 19. júní blaði er mjög áhugaverð grein um uppbyggilega réttvísi. Hún snýst um að brotamaðurinn sé dæmdur til að taka ábyrgð á gerðum sínum. Ekki endilega með fangelsisdómi heldur með því að horfast í augu við afleiðingarnar, viðurkenna brot sitt og leitast við að bæta þólandanum skaðann. Þetta er úrræði er áhugaverð og skynsamleg leið og vel fær. Þess vegna er óskandi að fleiri leggist á árar til að fá menn til að skoða hana í stað þess að hamra ætíð á því að reglur réttarríkisins leyfi ekki réttlæti. Það er ekki í lagi að sekir menn gangi lausir og aðrir þjáist fyrir það.



JONO DUFFY & EINAR V. MÁSSON

Skoðun

Eftir / Elliða Vignisson

Smurolía og majónes

■ Hægrimennska rúmar ekki rasisma (kynþáttahyggju). Stefna okkar hægrimanna getur aldrei af neinum sannindum verið orðuð við slíkt. Það samræmist ekki afstöðu okkar að sjá kynþátt sem einkennandi fyrir einstakling. Við, þvert á móti, furðum okkur á því að einhverjum detti í hug að einlæg trú okkar á einstaklinginn og frelsi hans, einstaklingshyggjan, gæti tengst fordæmingu á forsendum kynþáttar.

Rasismi ...

... rúmast ekki innan hugmyndafræði einstaklingshyggjunnar. Hún sér hvern einstakling sem sjálfstæða einingu með ríkan rétt til að ráða eignum sínum og gjörðum. Þennan rétt teljum við ekki léttvægan. Við teljum hann þvert á móti helgan rétt sem á rætur sínar í þeirri mannvirðingu sem allir eiga jafnan rétt á. Þann rétt getur enginn tekið og enginn framselt. Einstaklingshyggjufólk trúir því að samfélag manna virki best þegar unnið er að sameiginlegum markmiðum á forsendum frelsis hvers einstaklings. Að tilvera hópsins byggji á þörfum einstaklinganna en ekki öfugt.

Rasismi ...

... er hluti af hóphyggju (collectivism) sem er andstæð einstaklingshyggjunni. Sú trú að hópurinn sé mikilvægari en einstaklingurinn. Að taka beri þarfir hópsins fram yfir þarfir einstaklingsins. Að veraldlegar eignir og jafnvel hugmyndir eigi að tilheyra hópi fremur en einstaklingum. Eitt af sterkari einkennum hóphyggjunnar er sú trú að heildin sé annað og æðra en summa eininganna. Að einstaklingurinn sé afurð hópsins en ekki öfugt. Að einkenni hópsins séu einkenni hvers einstaklings.

Rasismi ...

... er eitt lægsta og viðbjóðslegasta form hóphyggju. Í honum er fölgjandi það viðhorf að einstakling beri ekki að meta eftir hans eigin getu, hegðun, eðli og persónueinkennum heldur eftir einhverjum óljósum uppsöfnuðum einkennum hópsins eða kynþættinum sem hann tilheyrir.

Rasismi ...

... er fullkomið og algert brot á rétti einstaklingsins. Hann gengur þvert gegn mannvirðingu. Hann sviptir einstaklinginn þeim meðfædda rétti sem hann hefur sem einstaklingur og gerir hann að afurð kynþáttarins sem hann tilheyrir. Ekki eingöngu skerðir hann möguleika eins einstaklingsins til lífsgæða heldur eykur

hann samhliða möguleika þeirra sem annars hafa ekkert til slíkra réttinda unnið um fram það að tilheyra forréttindahópi.

Rasismi ...

... er eitru í beinum okkar sem aðhyllumst frelsi einstaklingsins. Við sjáum það sem baráttumál okkar að vinna að einstaklings- og atvinnufrelsi og því samræmist það ekki hugmyndafræði okkar að leggja dóm á einstaklinga úr frá því hvaða hópi þeir tilheyra. Við teljum að á forsendum frelsis einstaklingsins megi helst virkja sköpunargáfu og athafnaþrá hvers og eins og þannig tryggja

umhverfi sem einkennist af dugnaði og krafti. Rasismi hefur andstæð áhrif. Við trúum því af einlægni að einstaklingurinn sé best til þess fallinn að ráða eignum sínum, orðum og gjörðum óháð kyni, kynþætti eða hvers konar hópaþyggju. Við teljum að með því að tryggja rétt einstaklingsins tryggjum við þau mannréttindi sem fölgja eru í jöfnum rétti allra.

Rasismi ...

... fer því jafn vel með einstaklingshyggju okkar hægrimanna og smurolía og majónes. Það er ósamrýmanlegt.

Rasismi ...

... fer því jafn vel með einstaklingshyggju okkar hægrimanna og smurolía og majónes. Það er ósamrýmanlegt. **Elliða Vignisson einstaklingur**



Aðsendar greinar ásamt mynd af höfundu sendist á ritstjorn@birtingur.is. Hámarks lengd texta er 450 orð.

Bragðgóð hollusta á milli mála - lifrænir drykkir sem draga úr nartþörf!

GingerLove **DetoxLove**

Frest í Heilnu hótlinu, Hagkaup, Mela búðinni, Þjarsarhúsi, Heilkaup og í fjölsvörugum spítalunum og völdum óbæturum um alla land allt.



Sleggjan

„Ömurlega og alvarlega en orð fá lýst.“
Ögmundur Jónasson, fyrrverandi þingmaður og ráðherra VG, gagnrýnir harðlega forystu síns gamla flokks í ljósi þeirra tíðinda að Bandaríkjaher og NATO ætli að standa að 14 milljarða króna uppbyggingu hérlendis á næstu árum. Að mati Ögmundar er þetta í þversögn við yfirlýsta mótstöðu flokksins gegn hernaðarbrótti.

„Með rangfærslum, hræðsluáróðri og allt að því lygum er verið að höggva í raðir Sjálfstæðismanna. Að fyrrverandi og núverandi ritstjórar Sjálfstæðisflokksins séu „líðsforingjar“ í þessu er ömurlegt og það gerist með stuðningi eigenda Morgunblaðsins.“

Borkell Sigurlaugsson, formaður málanefndar Sjálfstæðisflokksins, um átökin innan flokksins.

„Hann er ekki enn orðinn eins aumur á mölinni og Framsókn var á sínum mektarárum, en hann er ekki lengur sá borgaraflokkur sem hann einu sinni var. Langt í frá.“

Gunnar Smári Egilsson, athafnamaður og sósíalistaforingi, um dvínandi fylgi Sjálfstæðisflokksins.

„Hann er í bullinu.“
Inga Sæland, formaður Flokks fólksins heldur fram að Ólafur Ísleifsson, þingmaður Miðflokksins, sé í bullinu þar sem hann telji stjórnarskrána heimila að forseti Íslands vísi þingsályktunartillögu um þriðja orkupakkann í þjóðaratkvæðagreiðslu.

„Hann er ekki nein sérstök stærð í mínu fjölbreytta lífi. Hann má skrifa allar þær bækur, sem hann vill mín vegna.“

Hannes Hólmstein Gissurarson, stjórn málafræðiþrófessor um þær fyrirætlanir Karls Th. Birgissonar, ritstjóri Herðubreiðar, að gefa út bók um Hannes.

„Við ættum að hætta að hlusta á það þegar draugar fortíðarinnar reyna að tæla okkur til íhaldsemi og stöðnunar af því að þeim finnst óþægilegt að búa í breytilegum heimi.“

Björn Leví Gunnars, þingmaður Pírata.

„Ráðamenn í borginni hafa í mörg ár staðið sig illa þegar kemur að greiningum og sálfræðipjónustu við börn. Fjármagni hefur frekar verið varið í aðra hluti en að auka og tryggja þjónustu við börn á hinum ýmsu sviðum.“

Kolbrún Baldursdóttir, oddviti Flokks fólksins í Reykjavík.

„Maður sér hversu gífurlega mikið virðingarleysi er fyrir leikmönnum. Ef þeir nýtast ekki félaginu lengur er þeim bara hent eins og hverju öðru rusli.“

Hafdís Inga Hinriksdóttir, stjórnarformaður Leikmannasamtakanna, segir dæmi um að samningar félaga við leikmenn séu brotnir, að ekki sé staðið við greiðslur og leikmönnum meinað að mæta á æfingar.

Góð vika



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson



Það hefur verið völlum á formanni Miðflokksins undanfarið. Framtíðarsýn Miðflokksins hefur birst á síðum Moggans þar sem grautað er saman andstöðu gegn þriðja orkupakkannum, efasemdum um aðgerðir gegn loftlagsbreytingum og varhug gagnvart flóttamönnum. **Sigmundur Davíð** þekkir sinn basa, sem mest megnis samanstendur af eldri körlum, og hefur hann verið að tæta í sig fylgi af Sjálfstæðisflokknunum. Til að toppa góða viku fékk hann ekki skömm í hattinn frá siðanefnd Alþingis í Klaustursmálinu. Niðurstaða nefndarinnar var sú að hann var að hlæja með þeim sem brutu siðareglurnar, ekki að þeim sem ummælin beindust að.

Slæm vika



Flugvallarvinir



Þeir sem tilheyra hópi flugvallarvina, hópi þeirra sem standa grimman vörð um Reykjavíkflugvöll, slógu vopn sín úr eigin höndum í vikunni. Ein helstu rök í þeirra málfutningi hafa snúið að mikilvægi þess að hafa flugvöllinn í nánd við Landspítalann þar sem hver sekúnda skiptir máli í sjúkraflugi. Forsvarsmenn **Mýflugs** voru þar fremstir í flokki ásamt fleirum. Í vikunni var svo greint frá því að meðvitundarlaus þjóðverji var látinn bíða í tvo tíma á meðan grafist var fyrir um hvort sjúklingurinn væri með gildar sjúkratryggingar. Var það gert að kröfu Mýflugs sem vildi ekki taka á loft fyrir en gengið var úr skugga um að svo væri.





ALVOFEN EXPRESS | VÍÐ VERKJAM, BÓLÓU OG HITTA

■ BIRGJAFER BIRGJAFER ■ HAF HAF HAF HAF HAF ■ VERKJAM VERKJAM VERKJAM VERKJAM

VERKJAM VERKJAM VERKJAM | VERKJAM VERKJAM VERKJAM





The American Bar á Savoy-hótelinu, en hótelid er eitt það fínasta í borginni. Barinn er stílhreinn og fallegur í art deco-stíl og kokteílarnir eru sérlega spennandi og metnaðarfullir.

Geggjaðir barir í Covent Garden

London er borg sem hefur upp á margt að bjóða og í hvert sinn sem ég kem þangað hafa til dæmis nýir og spennandi barir verið opnaðir, þótt þeir klassísku standi nú sumir hverjir alltaf fyrir sínu. Vandamálið við London er að úrvalið er svo gríðarlega mikið að erfiðlega getur reynst að velja vel og þess vegna bendi ég hér á nokkra bari sem ég hef reynslu af og sem verðskulda allir athygli. Góða ferð og njótið.



Compagnie des Vins Surnaturels

Dásamlegur staður með afar vel völdu og góðu víni og hægt að fá mjög spennandi vín í stökum glösum. Compagnie des Vins Surnaturels er, eins og nafnið gefur til kynna, með afar frönskum áhrifum og flestir þjónarnir tala ensku með sterkum frönskum hreim sem er sjarmerandi. Fallega innréttaður staður í Seven Dial-hverfinu, nánar tiltekið í Neal's Yard sem er einkonar port og rétt hjá Barbary-veitingastaðnum svo tilvalið er að byrja í drykk á Compagnie des Vins Surnaturels. Leitið endilega ráða hjá þjónunum, þeir kunna sitt fag. Þarna er líka hægt að fá ýmislegt gott og spennandi að borða.

Vefsíða: cvssevendials.com.



Terroirs

Andrúmsloftið á Terroirs er afar afslappað og þægilegt en staðurinn er rétt hjá Trafalgar Square og tilvalið að stinga sér þangað í góðan drykk en einnig er hægt að fá úrvalsosta og spennandi kjötplatta ásamt ýmsum léttum og spennandi réttum. Sérlega

gott úrval er af spennandi vínunum en þeir leggja ríka áherslu á lífræn vín oft frá litlum framleiðendum, mörg vín eru frá gamla heiminum en einnig er hægt að finna spennandi vín frá nýja heiminum.

Vefsíða: terroirswinebar.com.



The 10 Cases

Hér er hægt að fá einstaklega skemmtileg og spennandi vín, en eigendurnir fá yfirleitt einungis 10 kassa af hverju víni og þaðan er einmitt nafnið komið. Með þessu tryggja þeir að fastakúnnar fái reglulega eitthvað nýtt og spennandi og halda sér á tánum við að leita að nýjum vínunum. Staðurinn er í frönskum bistrot-stíl með svartar og hvítar flísar og viðarinnréttingar og hægt er að sitja úti þegar veður leyfir. Verulega spennandi staður fyrir vínáhugamenn en einnig fyrir matarnörða því þarna er hægt að fá sér góðan ekta franskan bistrot-mat.

Vefsíða: 10cases.co.uk.



Eve Bar

Hér er á ferðinni skemmtilegur kokteílabar sem staðsettur er í kjallara í Covent Garden,

inn af veitingastað sem heitir Frog og er einstaklega góður og við munum eflaust fjalla um síðar. Umhverfið er svalt en notalegt í senn og stundum er boðið upp á lifandi tónlist. Kokteílarnir eru skemmtilega flokkaðir niður í undirflokkar sem heita t.d. sakleysi, freisting og eftirlátssemi. Þetta er staður þar sem metnaður er lagður í hvern kokteíl og tilvalið að fara í fordrykk fyrir mat eða eftir mat.

Vefsíða: evebar.co.uk.



American bar – Savoy

Þegar fjallað er um bari í Covent Garden er ekki annað hægt en að hafa með hinn klassíska og kannski best geymda leyndarmál hverfisins, The American

Bar á Savoy-hótelinu, en hótelid er eitt það fínasta í borginni. Barinn er stílhreinn og fallegur í art deco-stíl og kokteílarnir eru sérlega spennandi og metnaðarfullir. Þarna er oft lifandi jazzpíanótónlist svo umhverfið verður varla betra til að njóta góðra drykkja enda er fátt sem jafnast á við að fara á finan hótelbar. Hér er betra að vera smart klæddur því umhverfið er fínt og það er hluti af upplifuninni að vera smart í tauinu. Barinn er talinn vera einn langlífasti bar sinnar gerðar í heiminum en hann var opnaður árið 1903 og hefur verið starfandi síðan þá og er á listum yfir 50 bestu bari í heiminum.

Vefsíða: thesavoylondon.com/restaurant/american-bar.

782-0503

Vantar þig vönduð heimilisprif?

Traust prif geta bætt við sig þrifum fyrir heimili í öllum stærðum og gerðum.

[Sérhæfum okkur í hágæða bóni og mygluþrifum.]

TRAUST PRIF

Góð meðmæli og traust þjónusta fyrir þá sem vilja aðeins meira.

Hafðu samband við okkur í síma **782-0503** eða á traustthrif@gmail.com og fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki eða húsfélag.



Þýsk gæði
Þýsk hönnun
Þýsk höglæðni



OPEL

AKTIV SUMAR!

Í Opel sportleppum eru þægindi, hátæktir og léus í stað bítaðar.

Aktiv pakkinn fullkomnar bíllir fyrir hlenskar aðstoðar með aukinni veghæð og enn meiri búnaði.



GRANDLAND

Fullveðmeðbúnaðinn 4.990.000 kr.

Aktiv sumarverð:

Sjálfskiptur 4.490.000 kr.



CROSSLAND

Fullveðmeðbúnaðinn 2.990.000 kr.

Aktiv sumarverð:

Beiniskiptur 2.990.000 kr.

Opel Aktiv pakkinn:

- Aukin veghæð
- Tölu forangunbox
- Toyota heildredill
- Aukhlífar
- Tappgrind
- Útlegubartíð 2019

Allt þetta tilvæðingur sjálfþöðum þægindum, öryggi og einvöðum ákvarðunaleikum.

benni.is

Reykjavík
Kólsháttur 7
105 2000

Reykjavík
Kjartaninn 9
100 1110

Opil vörð á gæðum 118 18
Lau gæðum 118 18 18
Væðingur á gæðum 118 18





Gestgjafinn

GOTT Á GRILLIÐ

Gómsæt grilluð rif

Grilluð svínaríf með kryddblöndu og BBQ-sósu eru ómissandi hluti af grillmenningu margra ríkja í Bandaríkjunum, sérstaklega í Suðurríkjunum. Nálgunin á matinn er ólík eftir svæðum en alls staðar er þetta fingramatur sem er eilítið subbulegur en að sama skapi mjög skemmtilegt að borða. Hér eru svínarífin nudduð með kryddblöndu, vandlega vafin inn í álpappír og elduð í ofni í nokkrar klukkustundir svo að rifin verði meyr og kjötið renni af beinunum. Rifin eru síðan kláruð á grillinu til að fá hinn óviðjafnanlega grillkeim.



Texti / Nanna Teitsdóttir
Stílisti / Folda Guðlaugsdóttir
Myndir / Aldís Pálsdóttir



Grilluð svínaríf

Hægt er að forelda rifin deginum áður. Vefjið þeim þá vandlega inn í álpappír og geymið í kæli. Takið út og grillið þar til þau eru orðin heit í gegn og komin með fallega skorpu frá hitanum á grillinu.

- 1 msk. salt
- 1 msk. sinnepsduft
- 1 msk. paprikukrydd
- ½ tsk. chili-duft
- ½ tsk. malaður svartur pipar
- 1 hryggur grísaríf, án krydds og marineringar



1. skref: Hitið ofn í 170°C og takið saman hráefnið.



2. skref: Blandið saman salti, sinneps-, papriku- og chili-dufti ásamt svörtum pipar í lítilli skál.



3. skref: Nuddið kryddblöndunni í rifin. Pakkið þeim síðan vandlega inn í álpappír, leggið í ofnskuifu og bakið í ofni í 2 ½-3 klst. eða þar til kjötið er orðið alveg meyr.



5. skref: Hitið grillið að háum hita. Grillið rifin, snúðið þeim reglulega og penslið með BBQ-sósunni, u.þ.b. 8-10 mín.



4. skref: Takið rifin úr ofninum, fjarlægjið álpappírinn og hellið kjötsafanum í skál. Blandið honum síðan saman við BBQ-sósuna. Látið rifin kólna.

BBQ-sósa

Það er mjög einfalt að búa til eigin BBQ-sósu og líklegt að flestir eigi nauðsynlegt hráefni til í skápunum hjá sér. Auðvelt er að leika sér með uppskriftina og bæta t.d. við chili-dufti eða chili-sósu fyrir þá sem vilja smávegis hita.

- 2 dl eplaedik
- 4 msk. sinnep
- 2 dl tómatsósa
- 1 tsk. salt
- 1 tsk. pipar
- 200 g púðursykur
- 5 hvítlauksrif, rifin með rifjárn
- 3-4 dropar liquid smoke, má sleppa



Setjið allt hráefnið í pott og hrærið saman. Náið upp hægri suðu og lækkið síðan hitann og látið malla í u.þ.b. 10 mín. eða þar til blandan þykknar og verður seigfljótandi.

6. skref: Takið af grillinu og skerið rifin í sundur. Berið fram með meiri BBQ-sósu.

Gestgjafinn er leiðandi tímarit um mat, matarmenningu, vín og ferðalög.

Tryggðu þér áskrift á mannlif.is/askriftir ★ www.gestgjafinn.is

MARG.IS

MARG BORGAR SIG ENDA FRÁBÆR VERÐ



MÍ HEIMSENDING A HÓFUD BORGARSVÆÐINGU af vandað er fyrir mæla að 5.000 kr. Pantanir má seldja miðvikudaga og fimfundaga frá kl. 15.00 til 17.00 | Miðanmáta 2 | Kópavogi

MARG.IS

Laugarnar í Reykjavík



Afþreying

KROSSGÁTA

MYND: RICHARD BARTZ (CC BY-SA 2.0)

	SKORDÝR	LJÁ	SUNDL	ÁTT	KLAKA	MÁLMUR	RASK	KYRRA
SÍGILDUR								
SLÁ		ÍLÁT SÁLDRAD				SVÖRÐ GÖN		
UNÐUR				PIRRA SVARA				
KVARTA					NÖGL RAUP			MJÖG
BLYKULA		SAMSKONAR HAPP- DRÆTTI				SVIF PRESSU- GER		
	↓	AUMA	Í RÖÐ	RÓFA		ÖRLÖG SPIL		TVÍ- HLJÓÐI
BRAGGAST					OFMENNI GUFU- HREINSA		SAMTÖK DRUNUR	
ÍSKUR			FÁTÆKRA- HVERFI VIÐRÆÐA			KVÍÐI FLIK		
RÖMVERSK TALA		RIFTUN KK NAFN			KRYDD DABUR		MERKI	SÓT
HITA			LÍKAN SKÖLI			HRÍNA SPÍRA		
		FORMÓÐIR SJÚK- DÓMUR			ÖRVERPI ÞROSK- UÐUST	FARVEGUR VÍN		
KROPPA				HVORT KEYRA		Í VIÐBÓT SKAMMT	TVEIR EINS UNDRUN	
SLÆMA			SAMTALS FUGL			SLITNA KVK. SPENDÝR		
TVEIR EINS		LAMPI SKILABOD			ÁMU MÁNUÐUR		EINKAR	ÓVILD
FUGL			ATHYGLI HÆÐ			RÍKI Í SV-ASÍU		
UMFANG				RÉTT		TIGNA		
SKISSA				LÓUÐRÆLL		HRÖP		

MÓÐURDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Létt			Miðlungs				Erfið													
2		6		1		3	6		5		6	5			3					
	9	3	4		7			6		3			2	3		7				
	5			9	3		4		7	5	1	6		2	6	9				
			3		9	7		7	6		8			1	5		7			
7						4		9			6			5	2		4	9		
	8	9		6					7		4	1			7			2	3	
		5	2		9		9	8	4	1		2			4	5	7		8	
		7		4	8	3			3		2				1		4	7		
2			8			1		1				6	9		9				3	4

Kannaðu þekkingu þína á mannlíf.is

Í fréttum á heimasíðu Mannlífs er að finna svörin við þessum spurningum.

1

Hvers konar bar verður Gumma Ben bar sem til stendur að opna um miðjan ágúst?

Hvítur, hvítur dagur var nýlega valin besta myndin á kvikmyndahátíð erlendis? Um hvaða hátíð ræðir og hvar fer hún fram?

2

Business Insider fjallaði í vikunni um íslenskt par sem kynntist í Costco-hóp á Facebook. Hvað heita hin heppnu?

3

Hvað kallast smáskífan sem tónlistarmennirnir Birnir og Lil Binni (ClubDub) sendu óvænt frá sér fyrir skemmstu?

4

Meghan Markle, hertogaynjan af Sussex, verður gestaritstjóri breskrar útgáfu þekkts tímarits í september. Hvert er tímaritið?

5

Hvað kallast smáskífan sem tónlistarmennirnir Birnir og Lil Binni (ClubDub) sendu óvænt frá sér fyrir skemmstu?

Fyrir líkama og sál

Fyrir alla fjölskylduna | Í þínu hverfi | Frá morgni til kvílds



Sím: 411 5000 • www.ir.is

FRÍSKANDI BRAGÐ!



Extra

FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR



© 2011 Wm. Wrigley Chewing Gum Co.
All rights reserved. www.wmww.com

MacBook Air

Léttasta skólabókin í töskunni



Apple MacBook Air 13.3"



Stow fartöskulíður

Stow furtöskulíður frá Apple. Hættir við fátöskuneytt og fátöskun. Smáttíng. Hættir frá hvarf og hvarf frá hvarf og hvarf.

Verð: **10.000**



Classic fartöskulíður

Classic fartöskulíður frá Apple. Hættir við fátöskuneytt og fátöskun. Smáttíng. Hættir frá hvarf og hvarf frá hvarf og hvarf.

Verð: **5.000**



Icon Sleeve Diamond

Icon Sleeve Diamond frá Apple. Hættir við fátöskuneytt og fátöskun. Smáttíng. Hættir frá hvarf og hvarf frá hvarf og hvarf.

Verð: **0.000**



Compass Backpack Flight Nylon

Compass Backpack Flight Nylon frá Apple. Hættir við fátöskuneytt og fátöskun. Smáttíng. Hættir frá hvarf og hvarf frá hvarf og hvarf.

Verð: **11.000**

Apple er einn af bestu vörufyrirumum heimsins. Hættir við fátöskuneytt og fátöskun. Smáttíng. Hættir frá hvarf og hvarf frá hvarf og hvarf.

SKÓLATILBOÐ*




MacBook Air 2018

Apple - Apple® - Apple® - Apple® - Apple® - Apple®
Apple® - Apple® - Apple® - Apple® - Apple® - Apple®
Apple® - Apple® - Apple® - Apple® - Apple® - Apple®
Apple® - Apple® - Apple® - Apple® - Apple® - Apple®

Litningur **299.999**
SKÓLATILBOÐ **209.999***

31cm



Office Home & Student 2019
Microsoft Office Home & Student 2019
Microsoft Office Home & Student 2019

Litningur **299.999**
SKÓLATILBOÐ **209.999***



Laugavegi 182 og Smáralind | Sími 512 1300 · epl.is



Albumm

AFÞREYING



Texti / Steinar Fjeldsted



Flottur tónn og skemmtilegir textar

Fyrir ekki svo löngu sendi hljómsveitin **Sveinhugar** frá sér tvö ný lög, **Lautarferð** og **Fuglagagið**.

■ Sveitina skipa **Birgir Jakob Hansen**, **Guðmundur Ingi Halldórsson**, **Hilmar Gylfi Guðjónsson** og **Sveinn Bjarnar Faaberg** og spila þeir svokallað folk-rokk. Löggin eru skemmtilega samín, textarnir áhugaverðir og tónn sveitarinnar rennur afar ljúflega inn í undirneðvitund hlustandans.



Hvít tjöld, pollagallar og mikið fjör

■ Hvað er það við þjóðhátíð sem heillar svo marga? Er það brekkusöngurinn, allt listafólkið sem kemur þar fram eða þetta einstaka andrúmsloft sem myndast á hátíðinni? Þjóðhátíðin fór fyrst fram árið 1874 og hefur verið haldin árlega allar götur síðan. Hvít tjöld, pollagallar (þegar rignir) og einstaklega mikið fjör er það sem einkennir hátíðina en allur bærinn er svo sannarlega undirlagður og er hvert götuhorn stappað af fólki. Dagskráin í ár er alls ekki af verri endanum en fram koma meðal annars **GDRN**, **Stjórnin**, **Herra Hnetusmjör** og **Huginn**, svo fátt sé nefnt. Hægt er að nálgast miða á herlegheitin á dalurinn.

Förin í gegnum lífið



■ Platan **För** með hljómsveitinni **Nýrika Nonna** er komin út og hún inniheldur þrettán ný frumsamín lög. Þema plötunnar er förin í gegnum lífið og förin sem skilin eru eftir. Ástin, vonbrigðin, gleðin, trúin og pólitíkin. Tónlistin er mestmegnis gamaldags rokk, þó að finna megi ballöður og revíulög inn á milli. För var tekin upp hjá Hljóðsmiðjunni á tímabilinu september 2018 til maí 2019 og stýrði **Pétur Hjaltested** bæði upptökum og útsetningum auk þess að spila á hljómborð. Sveitina skipa **Logi Már Einarsson** (söngur/bassi), **Óskar Torfi Þorvaldsson** (trommur) og **Guðlaugur Hjaltonson** (söngur/gítarar). Margt er á döfinni hjá sveitinni eins og til dæmis spilamennska vítt og breytt um landið svona til að nefna eitthvað.

„Upptökuklefinn var gömul Toyota Corolla“

Þorbjörn Einar Guðmundsson sem margir þekkja undir nafninu BLKPRTY hóf tónlistarferilinn á unglingsárunum og hefur samið tónlist fyrir bæði íslenska og erlenda listamenn. Hæfileikar Þorbjörns liggja þó ekki einungis í tónlistinni en hann hefur alltaf verið að teikna, mála og graffa. Þorbjörn hefur sýnt verk sín víða um heim en það var ekki fyrr en hann fór í sitt fyrsta húðflúr sem hann áttaði sig á því að hann væri á réttum stað á réttum tíma.

Texti / Sigrún Guðjohnsen Mynd / Grétar Örn

Ég kynnist Jason Thompson á tattústofu sem hann vann á í miðbænum og þá áttaði ég mig á því að þetta væri eitthvað sem mig langaði að gera. Á þeim tíma voru svo fáar stofur á landinu og erfitt var að komast inn sem lærlingur,“ útskýrir Þorbjörn.

Stuttu seinna ákvað hann að fara í listnáam og háskólanám og segist alls ekki sjá eftir því þar sem það hafði gefið honum rosalega mikið. „Eftir að ég útskrifaðist fór ég að starfa sem grafískur hönnuður, vefhönnuður, „animator“ og í allskonar markaðsetningu og á samfélagsmiðlum. Þegar Jason Thompson og Ásthildur konan hans opnuðu Black Kross Tattoo fengu þau mig til að sjá um kynningar og samfélagsmiðla fyrir sig. Að auki gafst mér tækifæri til að læra að flúra og ég stökk á það. Auðvitað er alltaf erfitt að læra eitthvað nýtt en trikkið er að gefast ekki upp og það hefur hjálpað mér í öllu sem ég hef gert,“ segir hann og bætir við að hann hafi mest flúrað í hefðbundnum stíl en sé einnig að prófa sig áfram með „calligraphy“ og „black and grey realistic“ þar sem áhugi hans liggur svoltið núna.

Byrjaði 12-14 ára í tónlistarskópun

Tónlistarskópunin er aldrei langt undan en eins og fyrr segir byrjaði hann ungur að fíkta við tónlist. Í kringum 1998 kynnti bróðir hans honum fyrir tónlistarforritinu FL Studio og þá prófaði hann fyrst að gera sína eigin tónlist sem hann hóf svo að gera fyrir alvöru 12-14 ára gamall. „Þá var ég kominn með góð tök á forritinu og kunni að „sampla“ af plötum og farinn að gefa út lög,“ segir hann. „Garðar



Listamaðurinn Þorbjörn Einar Guðmundsson starfar meðal annars á tattústöðinni Black Kross Tattoo.

„Auðvitað er alltaf erfitt að læra eitthvað nýtt en trikkið er að gefast ekki upp og það hefur hjálpað mér í öllu sem ég hef gert.“

frændi minn, betur þekktur sem Kilo, fór semja texta yfir taktana mína og við tókum upp fyrstu löggin okkar uppi á lofti heima hjá mér. Svo kynnumst við fljótlega Ella félagi okkar, betur þekktum sem El Forte, og þá fórum við að taka upp í skúrnum hjá honum nánast daglega, en upptökuklefinn var gömul Toyota Corolla þar sem rapparar þurftu að sitja í aftursætinu í bílnum inni í skúr með hljóðnemann hangandi í loftinu á bílnum,“ útskýrir hann og hlær.

Flakkarinn með efninu hrundi

Í kringum 2009-2010 kynnist hann Emmsjé Gauta og Reddlights og fór að gera tónlist með þeim. Við tókum á tónlistarmyndbandinu Hemmi Gunn með Emmsjé Gauta kynnist hann svo Arnari og Helga í hljómsveitinni Úlfur Úlfur. Stuttu seinna gerðu þeir lagið Lupus

Lupus. „Eftir það buðu þeir mér að koma í bandið og ég gerði með þeim fyrstu plötuna, Föstudagurinn Langi, og sá um að DJ-a á tónleikum. Við gerðum heila plötu eftir það sem fékk aldrei að líta dagsins ljós þar sem flakkarinn okkar hrundi með öllu efninu.“

Í millitíðinni kynnist hann Gísli Pálma og fleiri listamönnum og fór að fókusera meira á sólóefni og pródúsera undir nafninu Blkprty. „Sólóefnið mitt er frekar festivalmiðað en blanda af „trap, house, hardstyle, moombathon, psy trans“ og fleiru,“ lýsir hann og bætir við hann hafi spilað á Miami Music Festivali fyrr á árinu við góðar undirtektir þar sem hann kynntist frábæru fólki.

Þorbjörn hefur unnið með og samið tónlist fyrir fjölmarga listamenn bæði hér heima og erlendis. Hann segist mikill aðdáandi útgáfufyrirtækjanna Barong Family og Yellow Claw. „Ég spjallaði við forsvarsmenn þeirra um daginn og við renndum yfir slatta af óútgefnu efni frá mér þannig það er aldrei að vita nema komi eitthvað frá mér þaðan,“ segir hann og glottir.



Þorsteinn Kári sendir frá sér plötuna Eyland

Nýverið kom út platan **Eyland** með tónlistarmanninum Þorsteini Kára.

■ Platan var lengi í vinnslu eða í kringum þrjú ár. Á plötunni spila ýmsir listamenn úr hljómsveitum á borð við Völvu, Hindurvætti og Darth Coyote. Tónlistinni má lýsa sem blöndu af „folk“ og „indie“, en þó með áhrifum úr hinum ýmsu áttum. Þorsteinn kemur frá Akureyri og hefur verið talsvert áberandi þar að undanfögnu. M.B.S. Skífur gefur plötuna út og er hún aðgengileg á öllum helstu streymisveitum og að sjálfsgöðu á **Albumm.is**.

Albumm mælir með



Innipúkinn um helgina

■ Tónlistarhátíðin **Innipúkinn** verður haldin um helgina og aðal-tónleikadagskráin fer að sjálf-sögðu fram innandyrna, þar sem boðið verður upp á fjölbreytta tónleikadagskrá föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld. Einnig verður boðið upp á hátíðarstemningu úti, kringum tónleikastaðina en þar má búast við gömlum vinum Innipúkans eins og listamarkaðinum sívinsæla, fatamarkaði og plötusnúðum. Eftir nokkur góð ár í Kvosinni verða hátíðarhöldin færð út á Granda, nánar tiltekið Grandagarð 8, 101 Reykjavík. **Miðasala er á Tix.is**.

Paunk á Laugarbakka

■ Tónlistarhátíðin **Norðanpaunk** fer fram 2.-4. ágúst á Laugarbakka rétt fyrir utan Akureyri. Dagskráin í ár er vægast sagt frábær en fram koma til dæmis **Bagdad Borothers**, **Kælan Mikla**, **Godchilla** og **Gróa** svo fátt sé nefnt. **Hægt er að nálgast miða á Nordanpaunk.org**.

Tigermjól dj set á Vínlyl Bistro




■ Plötusnúðurinn **Tigermjól** heldur áfram að spila eðaltóna á Vínlyl Bistro á Hverfisgötu en þar má hlýða á fagra chill-tóna í bland við afró og suðurameríska tónlist. **Tónlistarstefnan „downtempo“ verður í fyrirrúmi og ókeypis inn**.

Stella í Orlofi í Bíó Paradís



■ Ef þú ert í bænum og bara í slökun mælum við eindregið með föstudagspartísýningu í **Bíó Paradís** á hinni óborganlegu grínmynd **Stellu í orlofi**. Sýningin hefst í kvöld, 2. ágúst, klukkan 20 og eins og venjulega verður sjoppa stútfull af sætindum og barinn fljóttandi af partíveigum sem að sjálfsgöðu má taka með inn í salinn.



SVO MIKLU, MIKLU MEIRA Á ALBUMM.IS



Tónlist / Menning / Viðburðir / TV

14 STÖÐUM UM LAND ALLT

Þú getur nú pantað matvöru í gegnum
vefverslun Nettó og sótt á 14 stöðum um land allt



**DU
S
EIGLEGT**



**Verslunarmanna-
helgin**

Umsjón / Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Svolftíð erfitt að anda



Leikkonan Anna Hafþórsdóttir er þessa dagana að skrifa handrit að þáttaseríu og ætlar að vera í Reykjavík um verslunarmannahelgina. „Ég ætla að vera í Reykjavík að þessu sinni og stefni að því að hafa það huggulegt með vinum og kærasta. Kannski kíkí ég á Innipúkann,“ segir Anna.

Hún segir að eftirminnilegasta verslunarmannahelgin til þessa hafi verið þegar hún fór á Mýraboltann á Ísafirði fyrir nokkrum árum. „Liðið mitt var í mjög þröngum camoufléage-heilgöllum, sem fóru yfir allt höfuðið. Það var svolftíð erfitt að anda í þeim, enda náðum við ekki langt á mótinu sjálfu en við rústuðum búningakeppninni sem var auðvitað aðalmarkmiðið.“

Fór aldrei á útihátíðir

Guðni Gíslason, ritstjóri Fjarðarfréttanna í Hafnarfirði, ætlar að vera í Fljótshlíðinni um verslunarmannahelgina



eins og oftast áður. „Þar hittumst við afkomendur þriggja systra frá Kirkjulækjarkoti, fórum í leiki, grillum og njótum samverunnar. Hópurinn stækkar með hverju árinu og gleðin verður sífellt meiri. Svo er stutt í Kotmótið þar sem hlusta má á fallega tónlist og góðan boðskap,“ segir Guðni. „Eftirminnilegasta verslunarmannahelgin er alltaf síðasta verslunarmannahelgin enda fellur annað hratt í gleymsku. Ég fór aldrei á útihátíðir sem unglingur en eflaust hefði slík heimsókn orðið eftirminnileg.“

Kokkur á rækjubát



Um helgina verður Sigtryggur Ari Jóhannsson ljósmyndari á ferðalagi heim til Íslands frá ítölsku eyjunni Elbu. „Ég mun aka til Flórens og fljúga þaðan heim eftir notalegt ferðalag með fjölskyldunni,“ segir Sigtryggur og ritjar upp eftirminnilega verslunarmannahelgi frá því hann var sautján ára. „Þá var ég ráðinn í afleysingar sem kokkur á rækjubát. Ég þurfti að læra ansi margt og það hratt. Það var lítið sofíð þá helgina, en veðrið var gott og flest gekk vel.“



Charlotta Rós Sigmundsdóttir.

„Sá sem fær bleika spjaldið þarf að kyssa á bágtið“

Hátíðin Mýraboltinn verður haldin í sextánda sinn nú um verslunarmannahelgina en hápunkturinn er að venju sjálf Mýraboltakeppnin. **Charlotta Rós Sigmundsdóttir**, kokkur á Vagninum, er Drullusokkur Mýraboltans 2019.

Texti / Ragnhildur Aðalsteinsdóttir Myndir / Aðsendar

Hugmyndin kviknaði árið 2004 eftir að tveir ungir menn fóru saman til Finnlands og spiluðu mýrabolta og var í kjölfarið ákveðið að byrja með svona mót hér fyrir vestan,“ segir Charlotta þegar hún er spurð út í upphafið en í Finnlandi kallast keppnin HM í mýrabolta. „Hátíðin hefur þróast í gegnum árin frá því að vera bara keppnin yfir í þetta skemmtidagskrá samhliða mótinu sjálfu. Til ársins 2017 var hátíðin alltaf haldin á Ísafirði en þá færðum við mótið úr Tunguskógi til Bolungarvíkur til að auðvelda mótshald og skipulagningu. Með því þurfum við ekki að hafa umferðarstjórnun og sleppum við að útbúa þvottasvæði fyrir keppendur á staðnum þar sem Musteri vatns og velliðunar, sundlaugin í Bolungarvík, er næsta hús við nýja mótssvæðið. Einnig er nú boðið upp á krakkamót þessa sömu helgi en íþróttafélagið Vestri mun standa fyrir barna- og unglingamóti á sunnudeginum. Allir aldurs hópar, frá sex ára og upp úr, geta því tekið þátt í ár.“

Hitað upp með bjórjoga

Að auki verður margt um að vera á Mýraboltanum í ár. Högni Egilsson verður með styrktartónleika í Hólskirkju í Bolungarvík klukkan 18 á föstudaginn og í kjölfarið hefst formleg dagskrá. „Við ætlum að eiga skemmtilegar stundir í Einarshúsinu þar sem tónlistarfólk „djammar“ saman – böndin spila sitt efni til skiptis án formlegs skipulags. Við tókum þá stefnu að gefa ungu og efnilegu tónlistarfólki á Vestfjörðum tækifæri til að koma sér á framfæri ásamt því sem er þekktara og mynda þannig góð augnablik og aukin tengsl. Mótsdaginn byrjum við á bjórjoga en það er mikilvægt að keppendur séu vel



vaknaðir fyrir drulluna. Mótið sjálf hefst svo klukkan 13 á laugardegnum, veitingasala verður á svæðinu, varningur til sölu og lifandi tónlist. Ólýsanleg stemning myndast alltaf í kringum mótið. Eftir mót verður Musteri vatns og velliðunar með sundlaugarpartí þar sem DJ-græjurnar verða rifnar fram og gleðin heldur áfram. Svo eru að sjálfsögðu tónleikar og ball í félagsheimilinu á laugardag og sunnudag.“

Skemmtileg skyndiákvörðun

Charlotta hefur sjálf tekið þátt í Mýraboltakeppninni og segir upplifunina ólýsanlega. „Já, heldur betur. Ég kom fyrst vestur um verslunarmannahelgina 2017 til að vera hjá bróður mínum sem var nýfluttur til Bolungarvíkur. Ég lagði upp með að ef ég kæmi vestur myndi hann lofa að koma með mér í drulluna. Við fórum niður á Einarshús og skipaði Thelma, fyrrverandi Drullusokkur, mig fyrirliða Skrapliðs A á staðnum. Daginn eftir hittum við liðsfélaga

okkar, þrjá vinahópa sem voru frá Dalvík, Akureyri og Reykjavík.

Við náðum strax vel saman en það myndast einhvers konar tafarlaus vinátta hjá fólki á þessari hátíð. Við fórum í drulluna vopnuð „jager“ og teipi, til að tyna ekki skónum okkar, og unnum mótið. Þetta er ein sú skemmtilegasta skyndiákvörðun sem við systkinin höfum tekið saman. Stemningin var ómetanleg, mikið rökrætt um hver fengi bikarinn og góð vinátta myndaðist í kjölfarið,“ segir Charlotta sem svarar því aðspurð að sem betur fer hafi aldrei orðið alvarleg slys í keppninni. „Sár á hné eða rispúr á hendi eru helstu meiðslin, síðan þurfum við reglulega að skola drullu úr augum. Í Mýrabolta eru dómamar með bleikt spjald sem þeir mega nota ef þeim finnst leikmenn ganga mjög harkalega fram. Þá þarf sá sem fær bleika spjaldið að kyssa á bágtið á þeim leikmanni sem hann meiddi.“

Umhverfisvæn útihátíð

Charlotta segir að aðstandendur Mýraboltans séu að taka fyrstu skrefin að umhverfisvænni útihátíð. „Við vinnum það með Bláa hernum með móttöið „minna rusl, minni drulla“ að leiðarljósi. Blái herinn hefur staðið fyrir strandhreinsunum og unnið mörg afrek í umhverfismálum á Íslandi. Birna Reynisdóttir hefur komið að skipulagi hátíðarinnar til að leiðbeina okkur og öllum þeim fyrirtækjum sem koma að hátíðinni um hvernig hægt sé að huga betur að umhverfinu og minnka almennt óþarfa neyslu. Birna verður á hátíðinni, öll í drullu, skælbroandi og mun fræða gesti og selja umhverfisvænan varning,“ segir Charlotta að lokum.

„Hátíðin hefur þróast í gegnum árin frá því að vera bara keppnin yfir í þetta skemmtidagskrá samhliða mótinu sjálfu.“

Tónlist

Betra veður og betri nætursvefn

Innipúkinn verður haldinn í 18. sinn í miðborg Reykjavíkur um verslunarmannahelgina en hátíðin fer að þessu sinni fram á Grandanum. Ásgeir Guðmundsson, yfirpúki hátíðarinnar, segir að þeir sem vilji betri dagskrá, betra veður og betri nætursvefn ættu að velja Innipúkann.

„Hátíðin er fyrir mér árviss og notaleg stund. Ég hlakka mest til að öskra „uppselt“ út í kosmósin þegar staðirnir fyllast og stemningin nær hámarki,“ segir Ásgeir en hann er þó almennt ekki innipúki sjálfur. „Ég elska náttúru landsins og útivist en finnst galið að fara í útilegu á einhverjum skilgreindum ferðahelgum þar sem fylliri og troðningur rjúfa frið hinnar heilögu Móður Jörð.“ Dagskráin er þéttskipuð mörgu af besta tónlistarfólki landsins og má þar nefna Auði, Daða Frey, Bjartmar Guðlaugsson, Hildi, Vök, Kæluna miklu og Jónas Sig.



Aðaltónleikadagskráin fer fram á Messanum og Bryggjunnibryggð úti á Granda á föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld en einnig verður glæsileg dagskrá á Útipúkanum svokallaða, fyrir þá sem vilja njóta góða veðursins.



„Líkt og undanfarin ár er ókæpt á hátíðardagskrána utandyra yfir hátíðardagana, Útipúkan, og þá verða einnig gamalreynndir púka-dagskrárlíðir á borð við árlegan lista- og fatamarkað. Síðustu ár hefur verið uppselt á Innipúkann og því um að gera tryggja sér miða í tíma.“

Ásgeir Guðmundsson, yfirpúki Innipúkans.

Nánari upplýsingar eru á Facebook undir Innipúkinn Festival.

Probi Mage LP299V[®] mjólkursýrugerlar - fyrir þarmanflóruna og vandræði líkamans!

„Uppbomba, vandræði, niðurgætur, niðurgætur og fleða hægðatragða er ekki eðlilegt ástand til langs tíma og getur verið merki um óþægindi í þarmanflóru okkar. Ég veit með Probi Mage LP299V mjólkursýrugerlar.“ - Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarfræðingur

elbel helsevörur

Kjötkompaní

GRILLUÐ
GRAND
— FILL —
SUMMAR



Hafnarfirði & Grand



Hádegistilboð 12"

12" pizza með 3 áleggjum og coke í dós Gildir til kl 14:00.

12" pizza with 3 toppings and a can of coke.

1.990 kr.

Velkomin! Fjölbreytt úrval af pizzum og meðlæti.



Castello - Pizzeria | Dalvegi 2, 201 Kópavogur | Dalshrauni 13, 220 Hafnarfjörður | Sími 577 3333

castello.is

MANNLÍF

BIRTINGUR EHF | ÚTGÁFUÉLAG

SÍÐUMÚLA 28, 108 REYKJAVÍK

S: 515 5500

27. TÖLUBLAÐ 3. ÁRGANGUR

FÖSTUDAGURINN 2. ÁGÚST 2019

mannlíf.is

Ritstjórn: ritstjorn@birtingur.is

Síðast en ekki síst

Eftir | Jóhönnu Sveinsdóttur

Kondí bílinn!

■ Ég man að opið á milli trjána var rétt nógu stórt. Ég leit aftur fyrir mig og sá rústrauða Fordinn niðri á tjaldstæði og pabba stumra yfir gamla A-tjaldinu frá Tjaldborg. Ég hvarf í gegnum opið þar sem ævintýrin biðu í næstu laut. Ég lagðist í mosavaxinn skógarbotninn, angan af hálfvotu lyngi fyllti vitin og fuglarnir kitluðu eyrun með huggulegum söng. Býflugur suðuðu hjá og geislar sólar dónsuðu á milli skjámynda fyrir ofan trjátöppana. Það var sumar, andinn var léttur, geðið var milt, áhyggjurnar áttu heima í háloftunum og ábyrgð var hugtak sem ég hafði ekki aldur til að skilja.

„Kondí bílinn,“ heyrði ég berast eftir blaktandi laufblöðum inn leytilundinn minn. Þetta var mamma. Ég rölti rólega úr himneskri sældinni í átt að tjaldstæðinu fullviss þess að þar biði mín sjóðheiti góðgæti beint af prímusnum. Mamma stóð við bílinn, allt var klárt. Nestið var smurt og töskurnar tetrís-raðaðar í fimm sæta fólksbílinn. Ég settist södd og sæl í sætið mitt. Allt var í röð og reglu. Brakandi ferskur nýpúffaður koddli lá í aftursætinu og nýr ruslapoki hékk árvökull á gírstönginni. Ég veitti því ekki athygli þá en man það núna, að mamma var örlítið rjóð í framan, örlítið pirruð en brosti samt. Pabbi fór úr peysunni og dæsti þegar hann settist undir stýri. Svo þögðu þau dágóða stund.

Ég man þetta núna, 30 árum síðar, af því að í dag á ég fjögur börn. Ég skil núna. Ég er í sumarfrí, komin úr peysunni, örlítið rjóð í framan, örlítið pirruð en brosandí samt. Ég sé börnin njóta og ég sé ykkur líka, kærur foreldrar, í sumarfrí. Gangi ykkur rosalega vel og munið að fara öðru hvoru snemma að sofa.



KRONAN

GRILLJÓN
Ástæður til að grilla

1.059

... því það yllar í útlegu

www.kronan.is

Mikið úrval af heitsurúmum og dýnum

Fullt úrval af mögum vörum

STILLANLEG HUÐNARÚM

Flenska 70 með Bestpunkt heitsurúmum
Flenska 70 með Bestpunkt heitsurúmum
Flenska 70 með Bestpunkt heitsurúmum

VALDILL flenskur dýni í samverkisbúðunum
Flenskur dýni í samverkisbúðunum
Flenskur dýni í samverkisbúðunum

12

Svefn & heilsa

Flenskur dýni í samverkisbúðunum
Flenskur dýni í samverkisbúðunum
Flenskur dýni í samverkisbúðunum

Flenskur dýni í samverkisbúðunum
Flenskur dýni í samverkisbúðunum
Flenskur dýni í samverkisbúðunum